

# 2022

## ÁRSSKÝRSLA



Vestfjarðastofa



## Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Vestfjarðastofa	4
Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)	9
Starfsemi Vestfjarðastofu	11
Rekstur og hagsmunagæsla	12
Sóknaráætlun Vestfjarða	18
Atvinnuþróun	23
Byggðaðróun	30
Menningarmál	36
Markaðsstofa Vestfjarða	38



## Ávarp framkvæmdastjóra

Ár sýnilegrar sóknar gæti verið yfirskrift ársins 2022. Þetta er árið sem vöxturinn á Vestfjörðum fór að sjást fyrir alvöru. Íbúðir voru byggðar víða á Vestfjörðum og enn víðar er undirbúningur og skipulagsmál í ágætum farvegi fyrir aukna uppbyggingu íbúða. Okkur finnst stundum ganga alltof hægt og of mörg ljón í veginum en íbúðir, einbýlishús og atvinnuhúsnæði er í byggingu í flestum byggðakjörnum á Vestfjörðum.



Orkumálin voru fyrirferðarmikil í starfi Vestfjarðastofu á árinu 2022. Fyrsta Orkuþing Vestfjarða var haldið og ákveðið að halda slík þing árlega til að halda á lofti mikilvægi þess að lausnir verði fundnar í orkumálum Vestfjarða.

Hjá Vestfjarðastofu var áhersla lögð á vinnu við gerð menntastefnu fyrir Vestfirði sem lýkur á árinu 2023. Einnig var mikil vinna lögð í verkefnið Blue Mentor sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða tók þátt í og fengu Vestfjarðastofu til liðs við sig í þeirri vinnu. Einn afrakstur þeirrar vinnu varð síðan samstarf fiskeldisfyrirtækja og Menntaskólans á Ísafirði við uppbyggingu nýrrar námsbrautar sem ber yfirskriftina „Hafið, umhverfið og auðlindirnar“. Menntun og þekkingaruppbygging af öllu tagi er grundvöllur farsældar og þróunar á Vestfjörðum og annars staðar.

Á Vestfjörðum á sér stað gríðarlega mikil verðmætasköpun í hagkerfi sem er að verulegu leiti útflutningsmiðað. Stærstu atvinnugreinar svæðsins eru sjávarútvegur, fiskeldi og ferðaþjónusta. Í starfi Vestfjarðastofu er horft til þess að uppbygging þekkingar í þessum greinum verði grundvöllur verðmætasköpunar og útflutnings frá svæðinu til framtíðar. Þar liggur grundvöllur farsældar og þróunar fyrir Vestfirði.

**Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir,**  
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu



## Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa ses. var stofnuð 1. desember 2017. Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaðróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öfluglu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stöðkerfis hins opinbera.

### Stjórnarfundir og ársfundur

Ársfundur Vestfjarðastofu 2022 var haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þriðjudaginn 14. júní 2022.


Stjórn Vestfjarðastofu hélt 7 stjórnarfundum á árinu 2022. Fundargerðir allra funda má finna á heimasíðunni [www.vestfirdir.is](http://www.vestfirdir.is) og einnig fundargerðir ársfundar auk fundargerða nefnda. Upplýsingar um fjármál og rekstur Vestfjarðastofu má einnig finna á heimasíðunni.

### Upplýsingamiðlun

Í byrjun ársins 2021 hóf Vestfjarðastofa útgáfu mánaðarlegs fréttabréfs þar sem helstu viðfangsefni og fréttir mánaðarins eru dregnar saman á einn stað. Fréttum og upplýsingum hefur jafnframt verið miðlað á vefnum [www.vestfirdir.is](http://www.vestfirdir.is) á árinu 2022. Vestfjarðastofa er einnig með Facebooksíðu og er þar miðlað fréttum og upplýsingum tengdri starfseminni. Í lok ársins 2022 voru komnir um 3000 fylgjendur.

## Skipurit Vestfjarðastofu

Í kjölfar breytinga á samþykktum Vestfjarðastofu í mars 2022 var ráðist í breytingar á skipuriti sem kynnt var stjórn Vestfjarðastofu á fundi 5. desember 2022 og samþykkt á stjórnarfundum þann 18. janúar 2023. Nýtt skipurit hefur þegar tekið gildi.



## Stjórn Vestfjarðastofu

Stjórn fram að Fjórðungspingi í september 2022

### Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Jóhanna Ösp Einarasdóttir Reykhólahreppi - formaður

Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ

Þórir Guðmundsson Ísafjarðarbæ

Iða Marsibil Jónsdóttir Vesturbyggð

Kristján Jón Guðmundsson Bolungarvíkurkaupstað

### Frá atvinnulífi og menningu:

Elísabet Gunnarsdóttir Háskólasetur Vestfjarða

Kristján G. Jóakimsson HG

Aðalbjörg Óskarsdóttir Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Neil Shiran Þórisson Arctic Fish



Stjórn kjörin á Fjórðungsþingi í september 2022

#### Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Jóhanna Ösp Einarsdóttir	Reykhólahreppi - formaður
Nanný Arna Guðmundsdóttir	Ísafjarðarbæ
Aðalsteinn Egill Traustason	Ísafjarðarbæ
Lilja Magnúsdóttir	Tálknafjarðarhreppi
Magnús Ingi Jónsson	Bolungarvíkurkaupstað

Stjórnarmenn atvinnulífs og menningar voru þeir sömu allt árið

#### Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu

Baldur Einarsson,	formaðu
Viktoría Rán Ólafsdóttir	
Guðrún Eggertsdóttir	

#### Aðilar Vestfjarðastofu og fulltrúar í fulltrúaráði

Arnarlax	Jónas Heiðar Birgisson
3X Technology	Halldór Jónsson
Háskólaþing Vestfjarða	Peter Weiss
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Sædís María Jónatansdóttir
Arna ehf	Óskar Örn Hálfánarson
Artic Sea Farm hf	Shiran Þórisson
Reykhólahreppur	Árný Huld Haraldsdóttir
Súðavíkurhreppur	Bragi Þór Thoroddsen
Ísafjarðarbær	Nanný Arna Guðmundsdóttir
Strandabyggð	Þorgeir Pálsson



Tálknafjarðarhreppur	Lilja Magnúsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Magnús Ingi Jónsson
ThorVerk ehf	María Hildur Maack
Kerecis	Ásta María Sverrisdóttir
Vesturbyggð	Jón Árnason
Hótel Ísafjörður	Hólmfríður Vala Svavarsdóttir
Hraðfrystihúsið Gunnvör	Kristján G. Jóakimsson
Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson
Marigor	Einar Sveinn Ólafsson
Íslenska kalkþörungafélagið	Halldór Halldórsson
Vesturferðir	Jón Auðun Auðunarson
Orkubú Vestfjarða	Elías Jónatansson
Kaupfélag Steingrímsfjarðar	Viktoría Ólafsdóttir
Byggðastofnun	Guðbjörg Óskarsdóttir
Kampi	Kristján Jón Guðmundsson
Verkís	Jóhann Birkir Helgason
Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir
Vallargata ehf.	Óttar Guðjónsson

### Starfsfólk Vestfjarðastofu

Á Vestfjarðastofu starfar öflugur hópur sérfræðinga með djúpa þekkingu á atvinnulífi, menningu, umhverfi og samfélögum svæðisins. Meginstef í allri starfsemi Vestfjarðastofu er að efla Vestfirði og gæta hagsmuna svæðisins.

Tveir starfsmenn hættu störfum og tveir bættust í hópinn á árinu. Birna Jónasdóttir verkefnastjóri sem hóf störf hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða árið 2014, hvarf til nýrra verkefna í mars og Díana Jóhannsdóttir sem veitti Markaðsstofu Vestfjarða forstöðu frá árinu 2010 og varð síðar sviðsstjóri atvinnusviðs Vestfjarðastofu lét af störfum í nóvember.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga þakka Birnu og Díönu vel unnin störf í þágu Vestfjarða og óska þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Sölvi Guðmundsson var ráðinn sérfræðingur í markaðsmálum hjá Vestfjarðastofu í mars 2022 og tók við störfum Díönu Jóhannsdóttur þegar hún hætti. Steinunn Ása Sigurðardóttir var ráðin til starfa sem verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu í september 2022.

Við lok ársins 2022 voru starfsmenn 12 í 12 stöðugildum. Staðsetning í listanum hér fyrir neðan vísar til starfsstöðvar en allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson - sviðsstjóri byggðasviðs	Ísafirði
Agnes Arnardóttir - verkefnastjóri	Þingeyri
Birna Jónasdóttir - verkefnastjóri - hætti í mars 2022	Ísafirði
Díana Jóhannsdóttir - sviðsstjóri atvinnusviðs, - hætti í nóv 2022	Ísafirði
Guðrún Anna Finnbogadóttir - teymisstjóri atvinnu- og byggðapróunar	Patreksfirði
Magnús Þór Bjarnason - verkefnastjóri nýsköpunar og fjárfestinga	Ísafirði
Magnea Garðarsdóttir - verkefnastjóri	Ísafirði
Margrét Jóhanna Birkisdóttir - bókhald	Ísafirði
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir - framkvæmdastjóri	Ísafirði
Sigurður Líndal Þórisson - verkefnastjóri	Hól mavík
Skúli Gautason - menningarfulltrúi og verkefnastjóri	Hól mavík
Steinunn Ása Sigurðardóttir - verkefnastjóri - byrjaði í sept 2022	Ísafirði
Sölvi Guðmundsson - teymisstjóri markaðs og menningar - byrjaði í mars 2022	Ísafirði
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir - verkefnastjóri	Patreksfirði



67. Fjórðungsþing Vestfirðinga er á kosningarári sveitarstjórna þrískipt, þing var haldið á Ísafirði (Edinborgarhúsinu) í apríl, á Ísafirði (Vestfjarðastofu) og fjarfundi í júní og á Patreksfirði (Félagsheimilinu Patreksfirði) í september.

Á Fjórðungsþingi að vori var lögð fram og afgreidd ársskýrsla 2021, ársreikningur 2021 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2022. Fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins vann tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2022 með sviðsstjóra byggðapróunar og framkvæmdastjóra og tillögu um samþykkt ársreiknings. Þingið afgreiddi tillögu um efni og staðsetningu haustþings auk ályktunar um strandsvæðaskipulag og var þingi síðan frestað, þinggerð er að finna á heimasíðu FV<sup>1</sup>.

Fjórðungsþing á kosningasumri, sem haldið er að aflokum sveitarstjórnarkosningum var kosið um tillögu um kjörnefnd og fjárhagsnefnd sem skila tillögum til haustþings, þinginu var síðan frestað, þinggerð er að finna á heimasíðu FV<sup>2</sup>.

Fjórðungsþing að hausti var ný stjórn og varastjórn kjörinn, kosið var í fastanefndir sambandsins, í Heilbrigðisnefnd Vestfjarða og fulltrúa í ráð og stjórnir sem Fjórðungssambandið kemur að eða óskað tilnefningar í. Á þinginu var haldin vinnustofa um samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum á nýju kjörtímabili og endurskoðaðar áherslur Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020–2024 á miðju tímabili áætlunarinnar. Þingið ályktaði um gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði, um þjóðgarð á Vestfjörðum, svæðisáætlun um sorp, um notkun ásætuvarna, um þararæktun, um fjarnám, um sauðfjárrækt og byggðapróun, um stofnun nefndar um skiptingu tekna úr Fiskeldissjóði, um fjármögnun málefna fatlaðs fólks, um aukið samstarf í velferðarþjónustu og ályktun um Aflstöðina Vestfirði er varðar innviðamál, málavíð fjármálaáætlunar o.fl. Ávörp fluttu fyrsti þingmaður NV kjördæmis, Stefán Vagn Stefánsson og Aðalsteinn Þorsteinsson, skrifstofustjóri sveitarstjórnarmála í innviðaráðuneyti.

Ný stjórn og varastjórn skipa eftirfarandi sveitarstjórnarfulltrúar.

Í stjórn Fjórðungssambandsins sitja eftirfarandi sveitarstjórnarfulltrúar:

Aðalmenn	Varamenn
Aðalsteinn Egill Traustason, Ísafjarðarbæ	Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ	Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ
Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi	Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Vesturbyggð
Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað	Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi
Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi	Þorgeir Pálsson, Strandabyggð

Formaður stjórnar var kjörinn Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

Upplýsingar um kosningu annarra fulltrúa í nefndir á vegum Fjórðungssambandsins er að finna á heimsíðu FV<sup>3</sup>.

<sup>1</sup> ththinggerd-67-fjordungsthings-vor-2022.pdf (vestfiridir.is)

<sup>2</sup> thinggerd-67-fjordungsth.-kosningasumar-2022-14.-juni.pdf (vestfiridir.is)

<sup>3</sup> Fjórðungssamband Vestfirðinga | Vestfjarðastofa (vestfiridir.is)

### Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.

- a. Samkvæmt skipuriti er Fjórðungsþing æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
- b. FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar.
- c. Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.
- d. FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
- e. FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
- f. Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- g. Stjórn fundar tvisvar á ári fyrir ársfundadag og Fjórðungsþing að hausti.

### Hlutverk Vestfjarðastofu:

- a. Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV, Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt.
- b. Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðafjarðastofu sem verður hinn almenni samnefni fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.
- c. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:
  - i. Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi. Umsagnir eru almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskeðja sé skýr.
  - ii. Vinnu við sóknaráætlun landshlutans.
  - iii. Áhersluverkefni sóknaráætlunar.
  - iv. Uppbyggingarsjóður - rekstur og umsýsla.
  - v. Samskipti við önnur landshlutasamtök sem Vestfjarðastofa.
  - vi. Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins.
  - vii. Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV.
  - viii. Rekstur fastanefnda.

### Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga er samningsaðili við stjórnvöld vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða en starfsfólk Vestfjarðastofu annast umsýslu Sóknaráætlunar samkvæmt samningi milli Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Sóknaráætlunir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Unnið var samkvæmt markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024<sup>4</sup> á starfsárinu en nánar er fjallað um það starf hér síðar í ársskýrslu Vestfjarðastofu og eins má kynna sér ársskýrslu Sóknaráætlunar Vestfjarða á heimasíðu Vestfjarðastofu<sup>5</sup>.

<sup>4</sup> [https://www.vestfir.is/static/files/Soknaraetlun/vestfjardastofa\\_soknaraetlun-2020-2024.pdf](https://www.vestfir.is/static/files/Soknaraetlun/vestfjardastofa_soknaraetlun-2020-2024.pdf)

<sup>5</sup> <https://www.vestfir.is/static/files/Soknaraetlun/arlega-greinagerd-soknaraetlunar-2022.pdf>



## Starfsemi Vestfjarðastofu


Starfsemi Vestfjarðastofu var út árið 2022 skipt í 7 deildir. Starfsáætlun Vestfjarðastofu er unnin af starfsmönnum og stjórn og er birt í upphafi hvers árs. Í starfsáætlun eru áherslur hvers árs dregnar fram og þau verkefni sem unnið verður að á árinu. Deild 7 - almennings-samgöngur heldur eingöngu utan um vinnu fyrir FV sem tengist almennings-samgöngum og styrki sem sótt er um í nafni Vestfjarðastofu og renna til verkefna á sviði almennings-samgangna.

Mörg verkefni Vestfjarðastofu eru viðvarandi verkefni þar sem áherslur geta verið breytilegar milli ára en einnig eru áhersluverkefni Sóknaráætlunar oft framkvæmd af Vestfjarðastofu með samningum við Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV).

Í ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi hverrar deildar og farið yfir árangursviðmið verkefna út frá starfsáætlun ársins 2022.

Skipting launakostnaðar 2022 á deildir endurspeglar áherslur og fjármögnun verkefna.

### Skipting launakostnaðar á deildir



Atvinnu- og byggðaðpróun er fjármögnuð með framlagi Byggðastofnunar til Fjórðungssambands Vestfirðinga og framkvæmd af Vestfjarðastofu samkvæmt samningi við Fjórðungssambandið.

## Árangursmat deildar

1 = verkþáttur ekki unninn

2 = verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3 = verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4 = verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5 = verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Fjórðungssamband Vestfirðinga - skrifstofa	Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV. Mótun vinnulags og aðlögun að siðareglum	Viðhorfskönnun meðal áheyrnarfulltrúa og stjórnar um framkvæmd funda						Áheyrnarfulltrúum sveitarstjórna hefur verið boðið
	Innviðanefnd, erindisbréf	Komið að fastri dagskrá nefndarinnar. Umsagnir við samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og orkustefnu (endurskoðun). Orkuþing 17. mars haldið						Orkuþing var haldið. Innviðanefnd hefur komið upp fastri dagskrá
	Mótun siðareglna stjórnar	Siðareglur mótaðar og samþykktar						Verkefnið komið til umræðu en ekki fylgt eftir
Tengsl við landshlutasamtök sveitarfélaga	Samstarfsverkefni milli landshluta	C9 verkefni gangi samkvæmt verkáætlun. - EFTA og EES sveitarstjórnarsamstarf 2022-2024						C9 verkefnið var unnið á árinu en frestaðist að hluta vegna fæðingarorlofs. EFTA - EES þáttaka staðfest og fyrsti fundur boðaður í desember
	Viðhald tengslanets framkvæmdastjóra landshlutasamtaka	Virk þátttaka í samstarfi landshlutasamtaka. Fastir fundir í tengslum við Landsþing sveitarfélaga, Fjármálaráðstefna og sumarfundur.						Verkefnið vannst samkvæmt lýsingu.
Fjórðungsþing og ársfundir	67. Fjórðungsþing að vori og hausti og aukabing á kosningarári	Ársskýrsla 2021 og ársreikningur 2021, tilbúin í lok mars. 67. Fjórðungsþing að vori haldið, 6. apríl (tillaga) um miðjan apríl. Fjórðungsþings að hausti 9. og 10. september (tillaga), kjósa nýja stjórn og nefndir. Aukabing á kosningarári 14. júní (tillaga)						Verkefnið vannst samkvæmt lýsingu.
	Efni og fréttir birt á vef og fylgt eftir með erindum sem beint er á Alþingi, ráðuneyti og stofnanir eftir efni máls	Að ná fundum ráðherra og stofnana fljótlega eftir fundi og þing.						Umsagnir birtar og kynntar í mánaðarlegu fréttabréfi. Misjafnlega og ekki hefur gengið að ná ráðherrum á fundi

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samskipti við Alþingi og ráðuneyti	Fjármálaáætlun 2023-2027 og Fjárlög 2023	Skila umsögn um fjármálaáætlun. Stilla upp umsögn með föstum köflum (umfjöllunarefnum) sem verði í umsögnum næstu ára og gefi þannig færi á samanburði.						Verkefnið vannst samkvæmt lýsingu.
	Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir, áhersla á Samgönguáætlun, Byggingaráætlun, Fjarskiptaáætlun, Menntaáætlun.	Skila umsögnum byggða á ályktun Fj.þings um samgöngumál og úr umsögnum um Grænbók og Hvítbók						Verkefnið vannst samkvæmt lýsingu eftir því sem þingmál voru lögð fram en m.a. Samgönguáætlun var ekki lögð fram
	Eftirfylgni ályktana Fjórðungþings	Greinargerðir, fundir með með þingflokkum á Alþingi, fundir með ráðuneytum, þingsályktun eða breyting á lögum tengt málaflokkum						Verkefnið vannst samkvæmt lýsingu að hluta, t.d. Ekki náðst að funda með öllum þingflokkum og ekki með ráðuneytum.
	Gagnasöfn um þróun efnahags og byggðapróunar á Vestfjörðum birt á vef	Útgefin upplýsingarit/ einblöðungar, fundir með þingflokkum, einstökum þingmönnum, útsend gögn						Verkefninu var lítið sinnt
	Skýrslur ráðherra um framgang áætlana og stefnuskjala, er varða innviði og málefni sveitarfélaga	Umsagnir um mál, miðlun upplýsinga til stjórnar og starfsmanna						Verkefninu var lítið sinnt
	Fylgjast með þingmálaskrá	Stefnumarkandi áætlanir innviðaráðuneytis (samgöngu, fjarskipti, byggðamál) (Janúar) . Innheimtustofnun sveitarfélaga (Febrúar). Hafnarlög, gjaldtaka í höfnum (mars) . Póstþjónusta (Janúar)						Verkefninu vannst samkvæmt lýsingu eftir því sem þingmál voru lögð fram.
	Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum	Fundir annan hvern mánuð, að mestu rafrænt	Fundir haldnir					
Kynningar fyrir frambjóðendum til sveitarstjórnarkosninga á Vestfjörðum		Kynningar fyrir framboð, einblöðungur um Vestfjarðastofu sendur öllum frambjóðendum						Verkefnið vannst en ekki með einblöðunum heldur fundum í sveitarfélögum
Kynningar fyrir nýjar sveitarstjórnir		Kynningar fyrir nýjar sveitarstjórnir						
Virkur Facebook hópur sveitarstjórnarmanna		Virkari vettvangur						Skynja sem þessi vettvangur virki ekki, a.m.k. Lítil viðbrögð frá sveitarstjórnarfulltrúum

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Innviðanefnd	Innviðanefnd, erindisbréf	Komið að fastri dagskrá nefndarinnar. Umsagnir við samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og orkustefnu (endurskoðun). Orkuþing 17. mars haldið						Nefndin starfaði lítið fram að sveitarstjórnarkosningum. Ný nefnd haldið einn fund og svæðisskipulag er komið sem nýtt verkefni
	Fundir með Vegagerð, Isavia, Fjarskiptaáætlunum. Landsnet. Orkufyrirtæki	Eftirfylgni framkvæmda í verkáætlunum.						Fundir haldnir með Vegagerð um framkvæmdaáætlun næstu 2 ára
	Fundur með raforkunefnd Vestfjarða	Eftirfylgni með ályktunum Fj.þings um orkumál						Starfshópur umhverfis, orku og loftlagsráðherra heitir nefndin. Tekið þátt í vinnu starfshópsins. Skýrslu skilað í apríl s.l. Alþingi afgreiddi Rammaáætlun 3. Beðið hefur verið eftir næstu skrefum að hálfu ráðherra.
	Orkuráðstefna 17. mars	Undirbúningur ráðstefnu, erindi á ráðstefnu						Ráðstefnan haldinn 6. apríl
	Umsagnir um Hvítbók og síðan þingsályktanir til Samgönguáætlunar og Fjarskiptaáætlunar. Fylgja eftir starfi orkunefndar um Vestfirði	Umsögn fyrir stjórn FV. Jarðgangaáætlun verði tilbúin í janúar. Kynning skýrslu um samfélagsáhrif (janúar).						Skýrslur kynntar að hálfu FV. Ný samgönguáætlun hefur ekki verið lögð fyrir Alþingi, nú reiknað með í janúar 2023
	Innviðaaætlun Vestfjarða	Drög að áætlun liggja fyrir í janúar, umsögn sveitarstjórna í febrúar.						Tímaáætlun stóðst ekki. Drög að skýrslunni kynnt nýrri innviðanefnd í október. Unnið með einföldun á framsetningu áður en sent út á sveitarfélög
Fjármál og rekstur	Ársreikningur VFS og FV 2021	Lokið fyrir 20. mars 22						Verkefnið vannst samkvæmt lýsingu
	Endurskoðuð fjárhagsáætlun VFS og FV 2022	Endurskoðuð fjárhagsáætlun lögð fram á ársfundi VFS og Fjórðungsþingi að vori						Verkefnið vannst samkvæmt lýsingu
	Gerð starfsáætlunar 2023	Starfsáætlun lögð fyrir stjórn og send viðeigandi aðilum fyrir 15. des 22						Unnið í lok ársins og lokið í janúar
	Breytingar á samþykktum VFS og framhaldsaðalfundur 21	Verði lokið fyrir 1. mars 22						Lauk í apríl 22
	Fjárhagsáætlun VFS & FV 2023	Verði lokið fyrir Fjórðungsþingi að hausti						
Mælaborð atvinnulífs, lýðfræði og búsetuhátta	Miðla upplýsingum úr mælaborðum Bygðastofnunar, Ferðamálastofu ofl. um atvinnulíf, lýðfræði, ferðaþjónustu og búsetuhætti til fyrirtækja og íbúa á Vestfjörðum	Notkun á gögnum, ánægja sveitarfélaga						Ekki hefur verið haldið aftur sérstakt Teams námskeið síðan það var tekið í notkun. Ekki hefur verið þörf á því eins og er en skoða mætti það aftur seinna.

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Vefur og samfélagsmiðlar VFS	Gerð fréttabréfs Vestfjarðastofu	10 fréttabréf gefin út árlega						
	Áætlun um reglulegar birtingar á verkefnum	Áætlun kynnt starfsmönnum						
Gagnastjórnun og Teams	Þarfagreining vegna stafrænna innviða Vestfjarðastofu	Þarfagreining kynnt starfsmönnum						
	Mótun verklags vegna notkunar hugbúnaðar	Verklag innleitt						
Starfsmannamál Vestfjarðastofu	Starfsmannasamtöl	Starfsmannasamtölum lokið						
	Halda námskeið um atvinnuráðgjöf fyrir starfsmenn	Námskeið haldið						
	Starfsmannaferð verði farin á árinu	Starfsmannaferð farin						
	Mannauðsstefna birt og kynnt	Mannauðsstefna kynnt starfsmönnum						

Covid faraldurinn var enn viðvarandi í upphafi ársins 2022 og enn var mikið um fjarfundi en það breyttist eftir fyrsta þriðjung ársins og meira varð um staðfundi. Þó má segja að stór hluti funda við þingmenn og stofnanir hafi færst á rafrænt form á árinu. Haustið 2022 var þó að nýju haldinn staðfundur sveitarstjórnarmanna og þingmanna NV kjördæmis.

Vikulegir fundir starfsmanna eru gagnlegir. Þeir eru haldnir í fjarfundi á mánudagsmorgnum og bera yfirskriftina „Vikubyrjun“. Þar fara starfsmenn yfir verkefni framundan og það sem gert var í vikunni á undan. Haldið er utan um þessa fundi í Trello. Auk vikulegra funda eru daglegir stuttir „hittingar“ starfsmanna á Teams, dagsbyrjun. Þeir eru hugsaðir sem örstutt „kaffispjall“ en auka tengsl starfsmanna sem eru dreifðir um alla Vestfirði og ýta undir samstarf og teymisvinnu. Þessum fundum var komið á í Covid en hafa haldið áfram þó ekki sem skylda en ef að starfsfólk á þess kost að mæta á þessa „hittinga“ er hvatt til þess.

Framkvæmdastjóri og sviðstjóri byggðamála funda oftast vikulega með formanni stjórnar til að fara yfir helstu mál.

Samstarf við Samband sveitarfélaga og önnur landshlutasamtök er nokkuð mikið og gott að geta borið saman starfsemi og vinnulag. Sviðsstjóri byggðamála og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum við að fara á sameiginlega fundi en áherslan hefur verið að sviðsstjóri beri meginþunga þess samstarfs sem lýtur að sveitarstjórnarstigi en framkvæmdastjóri hefur átt þau samskipti sem lúta að atvinnuþróun ásamt sviðstjóra atvinnumála.

Stjórnarfundir stjórnar Vestfjarðastofu voru sjö á árinu 2022 auk vinnufundar stjórnar og starfsmanna sem haldinn er að hausti til að fara yfir áherslur næsta árs. Það fyrirkomulag hefur reynst ágætlega.

### Samskipti við Alþingi og ráðuneyti

Fundir með nefndum Alþingis til að fylgja eftir umsögnum. Allir fundir voru haldnir með fjarfundabúnaði.

### Umhverfis og samgöngunefnd

- Þingsályktun að 3. áfanga rammaáætlunar
- Frumvarp til laga um fjarskipti (farsímasamband á þjóðvegum)
- Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036

### Atvinnuveganefnd

- Stjórnun veiða sandkola og hryggleysingja (sæbúgu)
- Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og lög um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni)

### Efnahags- og viðskiptanefnd

- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 (v. Fiskeldisgjalds)

Tveir fundir með fjárlaganefnd um fjármálaáætlun 2023-2027 og um frumvarp til fjárlaga 2023

### Fundir með ráðuneytum og ráðherrum

Forseti Íslands kom í opinbera heimsókn til Ísafjarðarbæjar þann 7. júní og heimsótti Vestrahúsið og Vestfjarðastofa skipulagði stutt málþing og kynningu á starfssemi nokkurra nýsköpunarfyrirtækja á Vestfjörðum.

Ríkisstjórnarfundur var haldinn á Ísafirði 1. september 2022 og funduðu með Vestfjarðastofu og öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum í Edinborgarhúsinu eftir að hafa byrjað morguninn á opnun útsýnispallsins á Bolafjallip

06.04.2022	Umhverfis, orku og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson ávarpaði Orkuþing Vestfjarða
29.08.2022	Fundur með matvælaráðherra, Svandísi Svavarsdóttur
01.09.2022	Fundur með Ríkisstjórn Íslands í Edinborgarhúsinu á Ísafirði
05.10.2022	Þingmannafundur í kjördæmaviku – Fundur þingmanna NV kjördæmis og sveitarfélaga á Vestfjörðum
10.10.2022	Fundur með háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur
10.11.2022	Fundur með Menningar og viðskiptaráðherra, Lilju Alfreðsdóttir

### Umsagnir

Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi er hluti af hagsmunagæslu landshlutans. Með opnun Samráðsgáttar stjórnvalda á árinu 2018 gafst aukið færi á að koma að sjónarmiðum og athugasemdum gagnvart drögum að frumvörpum, áætlunum eða reglugerðum frá stjórnvöldum. Efni umsagna nýtist síðan áfram þegar frumvörp eða tillaga að þingsályktunum eru lögð fram á Alþingi.

Tími leyfir ekki að umsagnir séu gerðar nema við allra mikilvægustu mál sem varða Vestfirði. Þá er sérstaklega horft til mála sem varða uppbyggingu innviða s.s. samgöngur, raforku og fjarskiptamál auk málefna sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu. Einnig er fylgst með málum sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum á fjölbreyttan hátt.

### Umsagnir til Alþingis

- Umsögn, frumvarp til fjárlaga 2023, október 2022
- Umsögn, Sýslumaður, drög frumv Samráðsgátt, ágúst 2022
- Umsögn, Byggðaáætlun 2022-2036, þingsályktun, júní 2022
- Umsögn, fjármálaáætlun 2022\_2027, þingsályktun, maí 2022
- Umsögn, frumvarp niðurgr húshitunar, varmadælu ofl, maí 2022
- Umsögn, frumvarp um fjarskiptalög, apríl 2022
- Umsögn, þingsályktun um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, mars 2022
- Umsögn, þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, feb 2022
- Umsögn, þingsályktun um eignarhald í laxeldi, apríl 2022
- Umsögn, frumvarp til laga um fjarskipti, apríl 2022
- Umsögn, lagafrumvarp um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald, öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni, mars 2022





- Umsögn, lagafrumvarp matvælaráðherra, veiðistjórn sandkola og hryggleysinga, mars 2022
- Umsögn, frumvarp til laga v/ breytingu á lögum um fjarskipi, með síðari breytingum, feb 2022
- Umsögn, endusk laga og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis, feb 2022
- Umsögn,þingsályktun Rammaáætlun 3 afangi, feb 2022
- Virkjanakostir og raforkuspá,viðauki, umsögn Rammaáætlun 3 áfangi, feb 2022

#### Umsagnir í Samráðsgátt

- Áform um frumvarp til laga um sýslumann, ágúst
- Stefnumarkandi áætlanir innviðaráðuneytis, júlí
- Áform um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunar, varmadælur o.fl.

#### Vefur og samfélagsmiðlar

Upplýsingamiðlun Vestfjarðastofu fer að verulegu leiti fram á vef og samfélagsmiðlum. Helstu viðburðir og fréttir eru birtar á vef Vestfjarðastofu og þeim fréttum miðlað á facebook síðu Vestfjarðastofu sem í lok árs 2022 var með rúmlega 3000 fylgjendur. Auk aðalsíðu undir nafni Vestfjarðastofu heldur starfsfólk úti fjölmörgum hópum tengdum verkefnum og á þannig í markvissum samskiptum vegna t.d. ferðaþjónustuverkefnum, matvælaframleiðendum og sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum.

## Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur með samningi falið Vestfjarðastofu umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Í því felst að annast alla umsjónu Sóknaráætlunar, samstarf við samráðsvettvang og úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, framkvæmd úthlutunar og samskipti við styrkþega. Vestfjarðastofa annast einnig umsjón með áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki. Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Sóknaráætlun Vestfjarða er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Heildarframlög ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða námu um 110 mkr, sem að frádregnum rekstrarkostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Frekari upplýsingar um ráðstöfun fjárfrahlaga Sóknaráætlunar má finna í árlegri greinagerð Sóknaráætlunar<sup>6</sup>.

### Árangursmat Sóknaráætlunar 2022

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Kynning á Sóknaráætlun	Færslur á vef og samfélagsmiðlum	Færslur á vef og samfélagsmiðlum						
	Að hafa virka upplýsingasiðu, senda fréttatilkynningar á ytri miðla	Virgni upplýsingasiðu og fréttir í ytri miðlum						
Vinna að endurskoðun sóknaráætlunar	Endurskoðun sóknaráætlunar unnin sumar og haust 2022. Samráð við sveitarfélög og atvinnulíf.	Endurskoðuð sóknaráætlun samþykkt á Fjórðungspingi að hausti 2022						
	Fundir vegna endurskoðunar haldnir með sveitarstjórnnum, atvinnulífi, stofnunum og stjórn Vestfjarðastofu	Umfjöllun um fundi á vef og punktar sendir stjórn og fagráðum						
Áhersluverkefni Sóknaráætlunar	Auglýst eftir tillögum að áhersluverkefnum fyrir 2023–2024 í samræmi við endurskoðaða Sóknaráætlun	Fjöldi og gæði tillagna um áhersluverkefni						Lokið jan 2023
	Eftirfylgni áhersluverkefna 2020–2022	Verkefnum ljúki, vefsíða uppfærð, árangursmat gert						Áhersluverkefni flest í gangi

<sup>6</sup> <https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraetlun/arlega-greinagerd-soknaraetlunar-2022.pdf>

Sóknaráætlun	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði	Úthlutun Uppbyggingarsjóðs auglýst og úthlutað úr sjóðnum	Fjöldi og gæði umsókna						Úthlutun í gangi
	Móta verklag varðandi val á fyrirmyndarverkefnum og velja og kynna fyrirmyndarverkefni	Verklag kynnt og fyrirmyndarverkefni kynnt						
	Gerð samninga og eftirfylgni verkefna	Fjöldi lokinna verkefna, fréttir á vef um verkefni						58 styrkir veittir. Árangurshlutfall umsókna er því um 35%.
Samskipti og greiðslur úr Uppbyggingarsjóði	Styttri frestur verði gefinn til að ganga frá samningi vegna styrkgreiðslna.	Frestur til að ganga frá samningi stytur í 60 daga.						
	Afgreiðslutími greiðslna verði stytur.	Greiðslum verði lokið eigi síðar en 7 dögum eftir að viðeigandi gögn hafa borist.						
Kynning á Uppbyggingarsjóði	Kynningarfundum og vinnustofum verði fjölgað. Það skilar sér í fleiri og betri umsóknum og dreifingu umsókna um Vestfirði.	5 kynningarfundir/vinnustofur. Beinar kynningar til fyrirtækja						
	Opið netnámskeið í umsóknagerð verði haldið	Rafrænt námskeið í umsóknagerð						
	Með endurskoðun úthlutunarreglna verði fyrirtæki á Vestjörðum hvött til samstarfs.	Fundir með fyrirtækjum						

Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði í desember 2022 fyrir árið 2023. Eftirfylgni styrkúthlutana er nokkuð tímafrekt verkefni. Gera þarf samninga við styrkþega, fara yfir framvindu- og lokaskýrslur og greiða út styrki. Starfsmenn Vestfjarðastofu annast vinnuna en útgreiðsla styrkja og annarra framlaga fer í gegnum reikninga Fjórðungssambands Vestfirðinga.

## Fyrirmyndarverkefni Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2022

### Vitalína Kertahússins

Verkefnið snýr að því að hanna nýja vörulínu, Vitalínu, af 8 mismunandi vitum hringinn í kringum landið. Það eykur við vöruframboð Kertahússins, skapar fjölbreytt störf við hönnun, framkvæmd og framleiðslu. Vitakertin verða í tveimur stærðum og hanna þarf öskjur, límmiða og bæklinga sem segja sögu þeirra, lýsa arkitektúr og sýna staðsetningu þeirra. Vitakertin eru því fullkomin gjöf sem upphafur vestfirska framleiðslu og nýsköpun en markmiðið er að markaðssetja þessi kerti á landsvísu.

### International Westfjords Piano Festival

Tónlistarhátíð með áherslu á píanóleik í hæsta gæðaflokki. Á hverju ári munu píanóleikarar hátíðarinnar bjóða upp á spennandi dagskrá með einstakri listrænni sýn og halda meistaranámskeið fyrir nemendur í samfélaginu sem lýkur með nemendatónleikum. Á upphafsárinu verður boðið upp á heimsþekktan ungverskan píanóleikara, Peter Toth, og bandaríska píanóleikarann Andrew J. Yang, sem er tónlistarkennari á Patreksfirði.

## Áhersluverkefni í vinnslu árið 2022

Eftirfarandi áhersluverkefni voru í vinnslu árið 2022:

### ÁH-2022 – 1 Orkuskipti í haftengdri starfsemi – sviðmyndir

Vestfjarðastofa samdi við Bláma um framkvæmd verkefnisins og lokaskýrslu verkefnisins má finna á heimasíðu Bláma.<sup>7</sup>

Markmið verkefnis var að móta sviðsmyndir mögulegrar þróunar orkuskipta í höfnum á Vestfjörðum. Greina útgerðarflokka með tilliti til orkunotkunar og staðsetningar á helstu hafnarsvæðum á Vestfjörðum. Einnig greina umferð flutningabíla á helstu hafnarsvæðum á Vestfjörðum. Kortleggja mögulega þróun í grænorkulausnum fyrir báta, skip og flutninga á landi ásamt kortleggja þörf á innviðum á hafnarsvæðum vegna orkuskipta.

#### Lokaafurð:

Skýr sýn á innviði sem sveitarfélög þurfa að gera ráð fyrir á hafnarsvæðum vegna orkuskipta sem leiða mun til hagkvæmari innviðauppbyggingu í takti við þróun á vistvænni orku.

Verkefnið nýtist einnig fyrirtækjum til að fá innsýn í mögulega þróun orkuskipta í sjávar tengdri starfsemi.

### ÁH-2022 – 2 Ungmenni fyrir Vestfirði framtíðar

Tilgangur verkefnisins var að halda ungmennanæping á Vestfjörðum með áherslu á að stofna ungmennaráð.

Markmið verkefnis var að hvetja ungmenni til lýðræðislegrar þátttöku og að þátttakendur öðlist þekkingu á markmiðum og tilgangi ungmennaráða sveitarfélaga. Einnig að ungmenni á Vestfjörðum fái vettvang til að ræða loftslagsmál, heimsmarkmið og umhverfismál og tengja við eigin veruleika og Vestfirði.

#### Lokaafurð:

Ungmennanæping var haldið á Laugahóli í Bjarnarfirði í nóvember 2022 og tóku 33 ungmenni alls staðar að af Vestfjörðum þátt í þinginu. Kynningar á niðurstöðum þingsins til kjörinna fulltrúa sveitarfélaga og almennings fóru fram gegnum vef Vestfjarðastofu og með fréttatilkynningum til staðbundinna miðla. Í vinnslu er að stofnað ungmennaráð Fjórðungssambands Vestfirðinga

### ÁH-2022 – 3 Menntastefna Vestfjarða

Verkefnið Menntastefna Vestfjarða er í umsjón Vestfjarðastofu sem fékk ráðgjafafyrirtækið Creatrix til verkefnisins. Menntaskólinn á Ísafirði kom til samstarfs við Vestfjarðastofu um vinnu Creatrix því á sama tíma var skólinn að hefja mótun stefnu fyrir skólann. Samþætta mætti niðurstöður skólustefnu menntskólans við vinnu að mótun menntastefnu og öfugt.

Markmið verkefnis var að greina stöðu, strauma og stefnur til að móta sameiginlega framtíðarsýn og aðgerðaáætlun um hvernig megi efla skólastarf á svæðinu frá leikskóla til háskóla.

#### Lokaafurð:

Menntastefna og aðgerðaáætlun í menntamálum. Ávinningur samfélagsins verður stefna sem stuðla skal að öflugri skólaþróun á Vestfjörðum og úrbætur í menntamálum svæðisins með aukinni áherslu á málaflokkinn. Greiningarvinna og drög að aðgerðaáætlun voru unnin á árinu 2022. Verkefnið er enn í vinnslu og verður lokið vorið 2023.

### ÁH-2022 – 4 Visit Westfjords

Verkefnið nær til þriggja ára en það snýr að markvissri kynningu og þróun svæðisins. Verkbættir, aðgerðir og árangur ársins 2022 var eftirfarandi:

#### Samfélagsmiðlar og blogg árið 2022

- Samanlagt yfir 400 póstar á miðlunum Facebook og Instagram
- Instagram: 200+ póstar, Reach 331.629, Fylgjendur 66.630, Nýir fylgjendur 4.312
- Facebook: 200+ póstar, Reach 496.150, Fylgjendur 28.506, Nýir fylgjendur 1.173

<sup>7</sup> <https://blami.is/wp-content/uploads/2023/03/blami-hafnargreining-v3.pdf>

*Sýningar og vinnustofur*

- Mannamót voru haldin í Kórnum í mars 2022 í fyrsta sinn aftur eftir Covid, heildarfjöldi gesta var um 1.000 manns
- Mid Atlantic var ekki sótt, en sýningunni var fresta vegna heimsfaraldurs Covid-19
- Vestnorden var sótt í september til Grænland.

*Blaðamannaferðir*

- 18 blaðamannateymi heimsóttu Vestfirðir á vegum Visit Westfjords árið 2022
- Að minnsta kosti 26 umfjallanir í miðlum eins og Metro, Conde Nast o.fl.
- Fjölbreyttir miðlar, prent, sjónvarp, net og samfélagsmiðlum
- Markaðir: Vestur Evrópa og Bandaríkin

*Auglýsingaferð Lonely Planet*

- Herferð keyrð hjá Lonely Planet, tvö myndbönd og þrjár greinar, unnar með áhrifavaldi og ferðapjónum á svæðinu.
- Herferð náði til 837.000 manns í Bandaríkjunum og Bretlandi.
- Myndabanki Brandcenter
- Bætt við myndum af mannlífi í myndasafn

*Annað*

- Unnið í gönguleiðaverkefni með Ferðamálastofu

**Lokaafurð:**

Lokaafurð verkefnisins er heilsteypt markaðsvinna fyrir Markaðsstofu Vestfjarða sem horfir til þeirra áhersluþátta sem settir hafa verið t.d. með tilliti til lengingar ferðamannatímabilsins og dreifingar ferðamanna innan svæðisins.

**ÁH-2022 – 5 Vestfjarðaleiðin**

Vinna stendur yfir við þróun Vestfjarðaleiðarinnar sem liggur um Vestfirðir og að hluta til um Vesturland. Unnið hefur verið með breska ráðgjafafyrirtækinu Blue Sail að þróun ferðamannaleiðarinnar og verkfærakistu fyrir aðildarfyrirtæki. Einnig er unnið með almannatengslaskrifstofunni Cohn og Wolfe að mörkun og markaðsaðgerðum í tengslum við verkefnið.

Vel hefur tekist að tengja saman Vestfirði og Dali í þessu verkefni og mótun á næstu skrefum.

Á árinu 2022 voru aðgerðir í tengslum við Vestfjarðaleiðina eftirfarandi:

*Sýningar og vinnustofur,*

- Vefkynningar í samstarfi við Íslandsstofu á Evrópumörkuðum
- Í apríl 2022 var haldinn vinnustofa um Vestfjarðaleiðina á Bildudal \*tvítekið
- Sóttar voru tvær vinnustofur til Bandaríkjana á árinu og Vestfjarðaleiðin kynnt.
- Kynning á Vestfjarðaleiðinni með Dalabyggð og ferðapjónum í Nóvember

*Blaðamannaferðir*

- September farinn stór blaðamannaferð um Vestfjarðaleiðina,
  - Markmið að kynna Vestfjarðaleiðina - Bretlandsmarkaður
  - 4 blaðamenn frá The Sun, Fabulous Magazine, Metro.co.uk, Archant limited, Irish Limited

*Vinna*

- Útgáfa og þýðing verkfærakistunnar
- Verkfærakista kynnt fyrir meðlimum
- Hagsmunagæsla – Skilti og áningastaðir

**Lokaafurð:**

Sýnileg markaðssetning á Vestfjarðaleiðinni



#### ÁH-2022 – 6 Sýnileiki Vestfjarða

Ekki náðist að vinna úr verkefninu á árinu 2022.

Gerð verður aðgerðaáætlun vegna verkefnisins á árinu 2023 og lögð fyrir stjórn til samþykktar.

#### ÁH-2022 – 7 Nýsköpunar og samfélagsmiðstöðvar

Ekki náðist að vinna úr verkefninu á árinu 2022. Það var mat starfsmanna að fyrirkomulag árána 2020 og 2021 með beina styrki til starfandi nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva hefði ekki skilað þeim árangri sem lagt var upp með einkum vegna þess að um er að ræða of litla fjármuni til að hafa raunveruleg áhrif á starfsemi miðstöðvanna. Mismunandi form og rekstur miðstöðvanna gerir samstarf á milli þeirra erfitt og samstarfsvilji þeirra í raun takmarkaður.

Gerð verður aðgerðaáætlun vegna verkefnisins á árinu 2023 og lögð fyrir stjórn til samþykktar.

#### ÁH-2022 – 8 Samstarfsverkefni í orkumálum – Blámi

Samstarfsverkefni Landsvirkjunar Vestfjarðastofu, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Orkubús Vestfjarða. Afurð er stofnun félagsins Bláma en skrifað var undir samstarfssamning þann 15. desember 2020.

Meginmarkmið Bláma er að efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna. Með orkuskiptum er átt við að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði. Markmiðið er að ýta undir orku- og loftslagstengda nýsköpun, efla frumkvöðla og styrkja nýsköpunarumhverfið á Vestfjörðum. Ætlunin með Bláma er að leiða saman aðila sem geta unnið saman við það að afla alþjóðlegs fjármagns til tilrauna, rannsókna og þróunar á orku- og loftslagsvænum lausnum. Með nýjum tækifærum og auknu samstarfi á milli fyrirtækja og opinberra aðila er hægt að ýta undir verkefni og tækifæri sem skapast á svæðinu þróist í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem verðmætasköpun úr vagnýttu hráefni er aukin, bæði úr því sem er til staðar og því sem verður til vegna nýrra verkefna eða framleiðslu.

Nánara yfirlit allra verkefna má finna á heimasíðunni eða í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2022<sup>8</sup>.

<sup>8</sup> <https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraetlun/arlega-greinagerd-soknaraetlunar-2022.pdf>

Breytingar í atvinnulífi á Vestfjörðum vegna uppbyggingar fiskeldis og vegna áhrifa af samgönguframkvæmdum settu svip á vinnu tengda atvinnuþróun á árinu. Fiskeldi og vinna við að meta stöðuna skipaði stóran sess og Vestfjarðastofa var í samskiptum við fjölda hagaðila í greininni og afrakstur ársins er skýrsla KPMG „Greining á áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum“. Auk þess var unnin viðhorfskönnun með Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri um fiskeldi og samgöngur.

Sjávarútvegsklasi Vestfjarða starfaði af krafti til að efla Vestfirskan sjávarútveg og eiga samtal um greinina. Fjöldi fyrirlesara mætti á fundi klasans og unnin var stefnumótun fyrir áframhaldandi starf klasans. Sjávarútvegsklasinn styrkti jafnframt háskólanema í gegnum verkefnið „Hafsjó af hugmyndum“.

Þörungar hafa skipað stóran sess í þróunarvinnu Vestfjarðastofu en ræktun þörunga er vaxandi grein í Evrópu sem hentar vel á Vestfjörðum. Sá hængur er þó á að regluverki um þörungarækt er ólokið og því eingöngu hægt að fá tilraunaleyfi.

Umræða og aðgerðir tengdar fjárfestingum sérstaklega íbúðarhúsnæði og gististöðum voru töluvert viðamikill þáttur í atvinnuþróunarvinnu fyrir svæðið á árinu 2022 og verður áfram á árinu 2023. Um er að ræða nokkuð flókna vinnu sem tengist innviðum, skipulagsmálum og mörgu fleira.

### Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samvinna Vestfjarðastofu og atvinnulífs á Vestfjörðum	Samstarf um sókn	Virkja öll félögin og halda einn sameiginlegan fund árið 2022. Miðlun upplýsinga til fyrirtækja í gegnum samtökin.						Var gert að hluta en verður lokið 2023.
	Sjávarútvegsklasi Vestfjarða.	Halda uppi reglulegu starfi, yfirumsjón með Hafsjó af hugmyndum háskólastyrkjunum, fundur með klasa og háskólasetri Vestfjarða, fá 2-3 fyrirlesara um afmörkuð málefni á klasafundi.						Vegna Covid var lítið um stóra fundi.
Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar - áhersluverkefni	Tengja saman starfandi miðstöðvar með það fyrir augum að efla samstarf.	Regulegir fundir						
	Kynningarefni á samfélagsmiðla	Kynningarætlun fyrir N&S á Vestfjörðum liggur fyrir og verkaskipting skýr						
	Sameiginlegar vinnustofur í stað- og fjarfundi	Sameiginlegar vinnustofur haldnar með þátttöku og undir forystu miðstöðva						
	Funda með starfandi stöðvum um áherslur ársins	Að minnsta kosti tvö sameiginleg verkefni unnin árið 2022						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Nýsköpun	Nýtt stuðningsverkefni fyrir nýsköpun þróað og fjármagnað	Stuðningsverkefni mótað, fjármagnað og komið af stað						Vinna við Sóknarvirki hófst á árinu 2022 og lýkur 2023
	Viðburður eða röð viðburða	Viðburður eða röð viðburða haldinn til að ýta undir nýsköpun						
	Þjálfun ráðgjafa í hugmyndamótun og styrkumsóknum	Þjálfunarverkefni fyrir ráðgjafa						
Orkuskipti, umhverfis og loftslagsmál	Samstarf við Bláma - áhersluverkefni Sóknaráætlunar	Stjórnarfundir, fréttir á miðlum						
	Upplýsingafundir og kynningar um orkuskipti, umhverfis og loftslagsmál	Fjöldi kynninga og funda						Orkuþing var haldið 6. apríl og skýrsla starfshóps ráðherra kom út.
	Nýsköpun tengd orkuskiptum	Mótun og undirbúningur stuðningsverkefnis fyrir árið 2023						Unnið að umsókn um Evrópuverkefni
	Þáttaka í verkefnum og umsóknagerð	Fjöldi umsókna, fjöldi verkefna sem fara í framkvæmd						Fiskeldisfundir á Patreksfirði og Ísafirði sem allir aðilar fiskeldis komu að.
Sýnileiki Vestfjarða - áhersluverkefni	Samstarf um þáttagerð mótað með sveitarfélögum og atvinnulífi	20-30 innslög frá fólki og fyrirtækjum						Ekki var nægur áhugi á að fara í verkefnið
	Kynning, sýningar á Vestfjörðum - áhersla á matvælaframleiðslu og skapandi greinar	Vestfjarðakynning á höfuðborgarsvæði						Ekki var nægur áhugi á að fara í verkefnið
	Sögur af fólki og fyrirtækjum - stutt innslög og greinar	Spjallþættir, podkóst, sögur á samfélagsmiðlum						Ekki var nægur áhugi á að fara í verkefnið
Fiskeldi á Vestfjörðum	Viðhorfskönnun um fiskeldi á Vestfjörðum.	Framkvæmd haustið 2022 og niðurstöður kynntar í upphafi árs 2023.						
	Samfélagssáttmáli um fiskeldi	Mótuð aðkoma fiskeldisfyrirtækja að samfélagssáttmála og 4-6 fyrirtæki í fiskeldi og tengdum greinum undirriti sáttmálann. Mótuð aðkoma ríkis að samfélagssáttmála.						
	Fiskeldisfundir	Halda tvo fundi á Vestfjörðum þar sem fyrirtækin, sveitarfélögin, eftirlits- og rannsóknarstofnanir ásamt íbúum koma saman, haustið 2022.						Samstarf hefur verið styrkt en áætlað að halda fiskeldisfundi annað hvert ár. Næst haustið 2023.
	Samstarfsvettvangur fiskeldisfyrirtækja og þjónustufyrirtækja í fiskeldi á Vestfjörðum.	Halda tvo fundi á árinu þar sem öll fyrirtækin koma saman og ræða framtíðarsýn, umhverfismál og samfélögin á Vestfjörðum.						Unnið gegnum menntaverkefni á árinu 2022



Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Atvinnuþróun í samstarfi við sveitarfélög	Rannsóknarklasar á öllum þremur svæðum Vestfjarða. Styrkja núverandi stofnanir og hvetja til komu nýrra rannsóknarstarfa.	Yfirlit yfir fjölda starfa í eftirliti og rannsóknum á svæðinu. Sex nýjar stöður tengdar eftirliti og rannsóknum á Vestfjörðum 2022						Vinna hafin, árangur væntanlegur 2023.
	Aðalskipulag og deiliskipulag sveitarfélaga skilgreini svæði/lóðir fyrir atvinnustarfsemi	Samantekt Vestfjarðastofu á öllum atvinnulóðum á Vestfjörðum til kynningar fyrir fjárfesta.						
	Fjölga umsóknum í sjóði sem varða sveitarfélögin	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Byggðaáætlun, Jöfnunarsjóður ofl.						Þrjú verkefni FV samþykkt í aðgerð C1 Byggðaáætlunar, alls 48 mkr
Fjárfestinga-tækifæri á Vestfjörðum	Samtal við sveitarfélög	Kortlagning lóða til atvinnustarfsemi og uppbyggingaráforma sveitarfélaga						
	Innviðagreining	Kortlagning innviða Vestfjarða						Unnið að undirbúningi fjárfestasiðu á ensku
	Grænir iðngargarðar á Reykhólum	Starfshópur myndaður, starfsáætlun til þriggja ára mótuð.						Verkefni farið af stað
	Íbúðabyggingar	Auka í búðabyggingar á Vestfjörðum						Samtöl við sveitarfélög um húsnæðismál og leiðir til að ýta við framkvæmdum
	Þjónustufyrirtæki fyrir fiskeldi	Kortlagning tækifæria						
	Hótel og gistikostir	Greining á mögulegum lóðum og svæðum fyrir stærri gististaði						Kynningarefni sent út til áhugasamra aðila, samtöl og þreifingar
Betri og fleiri umsóknir frá Vestfjörðum	Benda á umsóknarfresti í sjóði og miðla Vestfjarðastofu	Umsóknarfrestir sett á vef Vestfjarðastofu og í mánaðarlegt fréttabréf, helstu sjóðir kynntir á samfélagsmiðlum						
	Stærri, fleiri og fjölbreyttari umsóknir frá Vestfjörðum í ýmsa sjóði, innlenda og erlenda	Fylgst með fjölda umsókna og árangurshlutfalli umsókna frá svæðinu í stærstu sjóðum						
	Þjóða reglulega uppá kynningar á sjóðum og þjóða aðstoð við umsóknargerð.	Ráðgjafar verði sýnilegir á sem flestum stöðum á svæðinu til að leiðbeina og veita ráðgjöf						Vantar uppá kynningarnar.

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Westfjords Food	Stuðningur við mótun verkefna og umsóknagerð í stærri sjóði	Minnst 5 verkefni á Vestfjörðum sæki um í Matvælasjóð.						
	Stuðningsverkefni fyrir matvælaframleiðendur	Halda 1-2 námskeið og vera með fyrirlestra til að hvetja smáframleiðendur.						
	Matsjá - samstarfsverkefni með landshlutasamtökum	A.m.k 4 fyrirtæki ljúka verkefninu. Frétt á vef og samfélagsmiðla						
	Samstarf Markaðsstofu Vestfjarða, Westfjords Food og Veitingaaðila um verkefni til að auka sýnileika veitingaraðila í ferðþjónustu og á Vestfjarðarleiðinni heldur áfram. Haldið verði stefnumót framleiðenda og veitingaaðila á árinu 2022	Uppfært yfirlit yfir matvælaframleiðendur á Vestfjörðum. Stefnumót framleiðenda og veitingaaðila á Vestfjörðum						
Ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla	Ráðgjöf við atvinnulífið á sviði nýsköpunar, umhverfismála og tækninýjunga.	Styðja við bakið á 5-10 fyrirtækjum við öflun þekkingar, sækja styrki og innleiðingu nýrrar tækni eða þekkingar.						
Sjávarútvegsklasi Vestfjarða	Halda reglulega fundi í klasanum og móta samstarf Vestfjarðastofu og klasans	12-15 fundir á ári. Samstarfssamningur Vestfjarðastofu og sjávarútvegsklasans						
	Hafsjör af hugmyndum - háskólastyrkir	Auglýsa og halda utan um verkefnið						
	Fyrirlestrar um málefni er brenna á greininni	Fyrirlestrar á klasafundum 2-3 sinnum.						
	Gera klasann þverfaglegri með þáttöku þjónustufyrirtækja	Hefja viðræður við fleiri aðila og markmiðið að fjölga um 1-2 fyrirtæki á árinu.						
	Samstarf sjávarútvegsklasans við menntastofnanir	Fundur með nemum í Háskólasetri Vestfjarða þar sem háskólastyrkirnir verða kynntir og forsvarsmenn fyrirtækjanna fá tækifæri til að ræða við háskólanema um möguleg framtíðarverkefni.						Var rætt við aðila en ekki komið í framkvæmd.
Fyrirtækjakönnun	Reglubundin fyrirtækjakönnun í samstarfi við önnur landshlutasamtök og Byggðastofnun. Framkvæmd af SSV.	Fyrirtækjakönnun birt og fylgt eftir						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir	
Dari og þörungar	NORA Seaweed Pilot - Regulations and Management	Vinna að tillögum varðandi reglugerðir um þörungarækt -samræming við Norðurlöndin og Skotland							
	NORA "Seaweed pilot - Etablering av standardisert oppstartspakke for nye tarelokaliteter i Nord-Atlanteren"	Sinna verkefnum er lúta að ytri þáttum, leyfisveitingum og regluverki en fyrirtækið Nordic Kelp hefur hafið ræktun.							
	Þörungaræktendur	Miðla upplýsingum og aðstoða þörungaræktendur.							
	Ráðstefnur og fundir um þörungum.	Sæka að minnsta kosti 3 fundi og ráðstefnur þar sem það nýjasta í þörungarækt og vöruþróun er kynnt.							
	Umhverfisáhrif þörungaræktar	Taka saman jákvæð umhverfisáhrif þörungaræktar og gefa út einblöðung. Tækifæri í þörungarækt.							Þegar komið mikið af þekkingu þarf að taka saman.
	Staðarvalsgreining fyrir skel og þörungarækt	Greina mögulegar staðsetningar til uppbyggingar miðað við strandsvæðaskipulag							
	Rannsóknir á skel og þörungum	Koma á grunn-rannsóknnum á skel og þörungum sem styrkja grunn greina							
	Ræktun þörungum og nýting afurða.	Vinna með Norðurlöndunum og Skotlandi að mótun greinarinnar lagalega, vinna að þróun nýrrar tækni, sækja fundi og ráðstefnur um þörungarækt, lög og reglugerðir, vöruþróun og markaðssetningu.							
Æðabændur	Stuðningsverkefni fyrir æðabændur til að ýta undir vöruþróun og markaðssetningu	4-5 æðarbændur á Vestfjörðum tækju þátt í stuðningsverkefni fyrir æðarbændur							Farið í verkefnið, aflað þekkingar en reyndist enginn vilji til samstarfs milli bænda. Verkefnið því stoppað.
	Kortlagning og greining á tækifærum fyrir æðarbændur	Einblöðungur um tækifæri fyrir æðarbændur							
Námskeið fyrir frumkvöðla	Móta nýtt námskeið fyrir frumkvöðla	Námskeið haldið með a.m.k. 10 þátttakendum							
	Samstarf við önnur landshlutasamtök varðandi stuðning við frumkvöðla og námskeið fyrir þá	Einn til tveir viðburðir í samstarfi við önnur landshlutasamtök í tengslum við námskeiðin							
Sjávarútvegsklasa Vestfjarða	Halda reglulega fundi í klasanum og móta samstarf Vestfjarðastofu og klasans	12-15 fundir á ári. Samstarfssamningur Vestfjarðastofu og sjávarútvegsklasans							

## Verkefni tengd atvinnuþróun og nýsköpun

### Upplýsingamyndbönd – frá hugmynd að veruleika

Landshlutasamtökin í samstarfi við Byggðastofnun létu útbúa stutt fræðslumyndbönd með upplýsingum fyrir þá sem ganga með hugmynd í maganum, vilja sækja um styrki, eru að velta fyrir sér rekstrarformum og markaðssetningu fyrirtækja, vilja gera viðskiptaáætlun eða koma sínum rekstri á framfæri. Myndböndin eru hnitmiðuð og gagnleg og fjallar hvert þeirra um afmarkað efni. Myndböndin eru textuð á íslensku, ensku og pólsku. Vestfjarðastofa tók þátt í þessu verkefni og eru myndböndin vistuð á vef Vestfjarðastofu.

### Sjávarútvegsklasinn & Hafsjór af hugmyndum

Sjávarútvegsklasí Vestfjarða vann að fjölda verkefna á árinu í samstarfi við Vestfjarðastofu. Í maí var haldinn fundur gæðastjóra á Suðureyri, í október hittust forsvarsmenn klasans í Bolungarvík og fengu kynningu á uppbyggingunni þar.

Háskólastyrkirnir „Hafsjór af hugmyndum“ á vegum klasans gengu vel og fengum við í ár spennandi niðurstöður verkefna og ný verkefni hófust á fjölbreyttum fræðasviðum.

### Framtíðarsýn í fiskeldi

Á árinu 2023 var haldið áfram með vinnu í tengslum við fiskeldi og hefur verið að byggjast upp mikil þekking innan Vestfjarðastofu á greininni.

Vestfjarðastofa kom að verkefninu Blue Mentor sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða tók þátt í og er um menntun í fiskeldi. Á árinu voru haldnir fundir í verkefninu, farið á opinn fund í verkefninu Bridges í júní á Hótel Barón sem einnig fjallar um menntun í fiskeldi og í september fóru tveir starfsmenn Vestfjarðastofu með Fræðslumiðstöðinni til Noregs að kynna sér menntun í fiskeldi í Frøya og Bergen. Lokaskýrsla í Blue Mentor var lokið um áramótin og munu niðurstöður hennar verða nýttar áfram.

Út frá Blue Mentor verkefninu vann Vestfjarðastofa að stofnun nýrrar brautar við Menntaskólann á Ísafirði “Hafið, umhverfið og Auðlindir” en þrjú fiskeldisfyrirtæki á Vestfjörðum komu að verkefninu og styrktu það fjárhagslega en munu styrkja það með verklegri kennslu þegar námið hefst næsta vetur 2023–2024. Menntaskólinn á Ísafirði mun stýra verkefninu en vera í góðu samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfelling á Patró og Grundarfirði, Fjölbrautaskóla Norðvesturlands á Sauðárkróki, Verkmenntaskóla Austurlands á Neskaupstað og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

Vestfjarðastofa hóf auk þess undirbúning að stofnun Þekkingarmiðstöðvar fiskeldis á Patreksfirði sem Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur koma að auk þess að hefja hugmyndavinnu að því hvernig er hægt að ná samlegð í rannsóknum í fiskeldi með núverandi stofnunum á norðanverðum Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa sótti ráðstefnuna Lagarlíf sem var haldin í Reykjavík dagana 20–21. október 2023.

Guðrún Anna Finnbogadóttir starfsmaður Vestfjarðastofu var með fyrirlestur um fiskeldi á Hafnar-sambandsþingi í Ólafsvík 27–28. október um **Helstu áskoranir hafna og sveitarfélaga í fiskeldi**.

Guðrún Anna Finnbogadóttir fór í apríl ásamt viðskiptanefnd á vegum stjórnarráðsins til Færeyja til að kynna sér fiskeldi og þörfungrækt.

Vestfjarðastofa lét RHA vinna viðhorfskönnun um fiskeldi sem var endurtekning á viðhorfskönnun sem var lögð fyrir haustið 2020 og niðurstöðurnar svo bornar saman til að meta hvernig viðhorfið til greinarinnar er að þróast. Niðurstöður voru birtar í janúar 2023. Starfsmenn Vestfjarðastofu hafa verið í stöðugu samtali við aðila sem koma að fiskeldi á öllum stigum máls.

### Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar

Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar skapa vettvang fyrir áhugaverða og skemmtilega viðburði og meðal þeirra eru Startup Westfjords.

Blábankinn á Þingeyri bauð í fjórða sinn til viðburðar sem hefur yfirskriftina **Startup Westfjords**. Startup Westfjords er nýsköpunar „hemill“ hjá Blábankanum fyrir frumkvöðla og skapara sem þora að fara í aðra átt. „Hemillinn“ var fyrir sprotafyrirtæki, teymi og einstaklinga með nýsköpunarverkefni á öllum stigum, hýst á Þingeyri. Verkefnið var stutt af öflugum fyrirtækjum auk stuðnings úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða og sjóði Allra vatna til Dýrafjarðar.



### Fjárfestingar á Vestfjörðum

Árið 2022 var eftir á að hyggja ár nýsköpunar og upphaf stórra og spennandi verkefna á landsbyggðinni. Verkefni sem munu hafa langvarandi áhrif á nýsköpunarumhverfið á Vestfjörðum og landsbyggðinni, eins og Stúdentagarðar og Norðanáttin á Siglufirði.

Stærsta fjárfestingaverkefnið sem Vestfjarðastofa kom að árið 2022 var stofnframlaga umsókn til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) fyrir hönd Háskólaseturs Vestfjarða. Vestfjarðastofa vann náð með Háskólasetrinu að því að kynna verkefnið og að koma því á byggingarstig. Gert er ráð fyrir að Stúdentagarðarnir verði opnaðir á opnaðir á haustmánuðum 2023, sem er um 18 mánuðum frá fyrsta fundi um hugsanlega stærð og staðsetningu.

Árið 2022 hófst vinna við innviðagreiningu Vestfjarða þar sem teknar voru saman upplýsingar úr aðalskipulagi vestfirskra sveitarfélaga. Upplýsingar úr innviðagreiningu hafa nýst til áhugasamra fjárfesta um uppbyggingu hótél og gististaða á Vestfjörðum. En mikil gerjun á því sviði og vonandi munum við heyra af fjárfestingum á komandi misserum.

Innviðagreining sýnir einnig að lóðir eru takmörkuð gæði á Vestfjörðum sem huga verður að með tilliti fyrir sjáanlega íbúðabygginga, sem þörf verður á vegna vaxandi umsvifa í atvinnulífinu. Samtal var hafið við opinber leigufélög árið 2022 og þau hvöt til frekari fjárfestinga og samtali komið á við þá sem málin varða. Virkt samtal hefur verið við byggingaraðila á svæðinu um þær jákvæðu framtíðarhorfur sem blasa við Vestfjörðum.

### Sóknarvirki Vestfjarða

Vestfjarðastofa fékk styrk frá Lóunni fyrir verkefnið **Sóknarvirki Vestfjarða**. Markmiðið með Sóknarvirkinu er að aðstoða frumkvöðla fyrirtæki sem eru í rekstri að taka fyrirtæki sín áfram með sértækri ráðgjöf. Sóknaráætlun fór af stað í byrjun árs 2023 og er að takast ætlunarverk sitt. Í mars mánuði hófst Norðanáttin á Siglufirði, í fyrstu var þessi fjárfestahátið ætluð fyrirtækjum á Norðurlandi, vegna jákvæðra viðbragða hefur viðburðurinn verið stækkaður í fjárfestahátið landsbyggðarinnar. Norðanáttin gæti því orðið vettvangur fyrir vestfirsk fyrirtæki til að sækja stuðning á í framtíðinni á sama veffangi og önnur nýsköpunarfyrirtæki á Íslandi.

### Matsjárn

Vestfjarðastofa tók þátt í að halda 14 vikna „**masterclass**“ námskeið ásamt öðrum landshlutasamtökum og ráðgjafafyrirtækinu RATA með styrk frá Matvælasjóði. Lagt var upp með að veita fræðslu til smáframleiðenda matvæla til að styðja þá í að auka verðmætasköpun, styrkja stöðu sína, efla framleiðslu, auka sölutekjur og sjálfbærni í rekstri. Markmið Matsjárninnar var að auka innsýn þátttakenda í rekstur og innviði fyrirtækja sinna með það fyrir augum að finna leiðir til að auka hagkvæmni, bæta rekstur, auka fagmennsku og innleiða samfélagsábyrgð. Um 75 framleiðendur af öllu landinu fóru í gegnum Matsjárna árið 2022 og þar af 4 fyrirtæki frá Vestfjörðum.

## 30 Byggðapróun

Umfangsmestu byggðapróunarverkefni Vestfjarðastofa tengjast verkefnum Brothættra byggða. Byggðapróunardeild skarast mjög við bæði atvinnuþróun og hagsmunagæslu sem vistuð er innan deildarinnar „rekstur skrifstofu“.

### Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Byggðaaætlun	Eftirfylgni verkefna endurskoðaðrar Byggðaaætlunar	Umsóknir frá Vestfjörðum í alla auglýsta styrkjamöguleika Byggðaaætlunar						
Innviðaaætlun Vestfjarða 2021-2050	Fundir með sveitarfélögum og viðeigandi stofnunum	Fjöldi funda, fundargerðir innviðanefndar						Verkefni seinkar undir lok ársins
	Samþætting við áætlanir ríkis og sveitarfélaga	Greinargerð í innviðaaætlun						Verkefni seinkar undir lok ársins
	Framsetning og kynning innviðaaætlunar mótuð	Birting innviðaaætlunar, kynning innviðaaætlunar						verkefni seinkar undir lok ársins
Orkutengd verkefni	Orkuráðstefna 17. mars	Samráðshópur settur upp í janúar, ákvörðun um dagskrá, boð send og ráðstefna kynnt. Miðlun á fyrirlesturum og niðurstöðum						Orkuþing haldið 6. apríl
	Orkunefnd um Vestfirði. Aðgerðaaætlun nefndarinnar	Miðlun framvindu til stjórnar, fréttir á vef af starfi nefndar						Starfshópur umhverfis, orku og loftlagsráðherra heitir nefndin. Tekið þátt í vinnu starfshópsins. Skýrslu skilað í apríl s.l.. Alþingi afgreiddi Rammaáætlun 3. Beðið hefur verið eftir næstu skrefum að hálfu ráðherra.
	Kerfisáætlun Landsnets. Umsögn. Flutningsmál raforku. Tvöföldun Vesturlínu. Framkvæmdaaætlun í verkefnum innan Vestfjarða	Umsögn um kerfisáætlun send, framkvæmdaaætlun verkefna innan Vestfjarða birt, umfjöllun um orkumál á vef. Tvöföldun Vesturlínu verði í Kerfisáætlun						Tillögur í skýrslu starfshóps umhverfis, orku og loftlagsráðherra, ramma vel inn aðgerðir og tímasetningu þeirra. Eftirfylgni hefur hinsvegar ekki verið sýnileg. Rammaáætlun 3 var afgreidd á árinu og þá hefur Alþingi staðfest fyrir Austurgil og Hvalá staðfest.
	Vindorkuver í Garpsdal	Umfjöllun um framvindu varðandi vindorkuver á vef og samfélagsmiðla						Verkefnið var til umræðu afgreiðslu Rammaáætlun 3, en komst ekki þar inn. Er til umræðu í Rammaáætlun 4 og 5 en beðið er stefnmörkunar stjórnvalda, þar er starfshópur ráðherra að störfum.

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum	Vinna og afgreiðsla á Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða 2022-2034	Að samþykkt verði Strandsvæðaskipulag Vestfjarða						Stefnt að skilum tillögu til ráðherra um miðjan desember, sagt með fyrirvara.
	Fjölgun opinberra starfa. Verja opinber störf.	Mótun á stefnu fyrir flutning starfseininga hins opinbera. Störf án staðsetningar. Ný starfsemi hins opinbera						Ekki mikið unnið á árinu en augljóst að fylgjast þarf með þróun og kalla eftir umræðu, því störfum er að fækka.
Brothættar byggðir í Árneshreppi - Áfram Árneshreppur	Unnið að flýtingu vegar um Veiðileysuháls	Vegagerð hefjist árið 2023						
	Unnið að þrífösun alls sveitarfélagsins	Þrífösun í Krossnes ljúki á árinu						
	Ljósleiðaravæðing Árneshrepps	Ljósleiðari verði tengdur í Norðurfjörð						
	Kvótamál í landbúnaði	Styrkjakerfi í landbúnaði taki mið af Árneshreppi						
	Kvótamál í sjávarútvegi	Forsendur uppfylltar fyrir auknum kvóta í sjávarútvegi						
Brothættar byggðir í Dýrafirði - Öll vötn til Dýrafjarðar	Fylgja eftir verkefnisáætlun til að nýta síðasta ár verkefnisins sem best	Vera tilbúin með plan í upphafi árs						
	Móta stefnu í styrkveitingum síðasta árs	Auglýsa styrki og íbúafund í upphafi árs						
	Fylgja eftir verkefnum og styðja frumkvöðla	Vera sýnilegri - hvað hefur tekis vel - hver er árangur verkefnisins						
Náttúruvernd og efling byggðar - C9 verkefni	Verkefnisupphaf í janúar, Verndun og nýting Breiðafjarðar	Þátttaka í verkefnisstjórn, fréttir á miðlum						Verkefnið loks komist af stað, tafir urðu vegna starfsmannamála, mest virkni nú í lok árs og góðar líkur á því verði loki 2023
Almennings-samgöngur	Gagnasöfnun, eiga yfirlit um þróun, verða viðmælandi við Vegagerðina	Greinargerð til stjórnar, frétt á vef						Mest vinna hefur farið í að breyta samningum A10 aðgerða og færa til sveitarfélaga.
Ungmennabing	Ungmennabing Vestfjarða verði haldið á árinu 2022 í samstarfi við ungmennaráð sveitarfélaga og öll skólastig sem starfrækt eru á svæðinu.	Ungmennabing haldið með að minnsta kosti 40 þátttakendum frá öllum Vestfjörðum						
Brothættar byggðir á Ströndum - Sterkar Strandir	Innviðir styrktir	Fundir haldnir, erindi send, frétt á vef VFS						
	Kvótamál í landbúnaði	Fundir haldnir, erindi send, frétt á vef VFS						
	Kvótamál í sjávarútvegi	Fundir haldnir, erindi send, frétt á vef VFS						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Þjóðskógar	Þjóðskógur í Vestur-Botni	Grunnvinnu við gróðurfars- og fornleifarannsóknir lokið.						
	Þjóðskógur í Ísafjarðarbæ	Samvinna um hugsanlegt staðarval og áhuga nýrrar bæjarstjórnar.						
	Þjóðskógur á Ströndum og Reykhólum	Hefja undirbúning að gróðurfars- og fornleifarannsóknnum.						
	Þjóðskógar á Vestfjörðum	Samvinna með Skóg-ræktinni um tækifæri og möguleika í skógrækt á Vestfjörðum. Kortlagning, undirbúningur, hagkvæmni og hagræn áhrif.						
Dróunarverkefni á Flateyri	Formennska í verkefnisstjórn og samstarf við verkefnisstjóra	Fundir haldnir í verkefnisstjórn, fundargerðir haldnar, framvinda verkefnis fullnægjandi						
	Umsjón með úthlutun styrkja í samstarfi við verkefnisstjóra	Styrkjum úthlutað, samningar gerðir við styrkþega, verkefnum fylgt eftir						

### Umhverfisvottun

Verkefnið Umhverfisvottun var vistað hjá Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) allt árið 2022. NAVE hafði því umsjón með verkefninu og annast öflun gagna og kynningu á verkefninu. Í lok ársins skilaði NAVE verkefninu aftur til Vestfjarðastofu.

### Skipulag haf- og strandsvæða – Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

Samkvæmt bráðabrigðaákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða (88/2018) er mælt fyrir um að fyrstu svæði sem unnið skal að verði strandsvæða Vestfjarða og Austfjarða. Svæðisráð Strandsvæðaskipulags Vestfjarða var skipað seint á árinu 2018 og fyrsti fundur ráðsins var haldinn í apríl 2019. Svæðisráð skipa fjórir fulltrúar sveitarfélaga og fjórir fulltrúar ráðuneyta og ráðherra skipulagsmála skipar formann ráðsins.

Í lok árs 2021 voru málefni haf- og strandsvæðaskipulags flutt frá ráðuneyti umhverfismála til innviðaráðuneytis til samræmis við skiptingu málaflokka nýrrar ríkisstjórnar. Nýr formaður svæðisráðs var skipaður í janúar Magnús Jóhannsson, er tók við af Stefáni Gíslasyni. Gerð var breyting á reglugerð þar sem staðfestir voru nýtingarflokkar strandsvæðaskipulags. Á árinu var lokið við gerð tillögu að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða, tillagan var auglýst þann 15. júní 2022 og tekið við athugasemdum til september. Sérstakt viðfangsefni í umsagnarferlinu var vinna að tillögum um öryggi siglinga sem skilað var í lok nóvember, en í vinnu svæðisráðsins hafði ítrekað verið bent á að leysa málið á fyrri stigum. Vænst er að þessi vinna geti gengið hratt fyrir sig og leyfisveitingar með vísan til strandsvæðaskipulagsins geti gengið eftir. Að öðru leyti var unnið var úr athugasemdum og endanleg tillaga samþykkt af svæðisráði 19. desember 2022 og send til innviðaráðherra til staðfestingar. Nánari upplýsingar má finna á vef [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is)

Innviðaráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson, staðfesti tillöguna þann 6. mars 2023. Þar með voru liðin ein 15 ár frá því Fjórðungsping Vestfirðinga samþykkti ályktun haustið 2008, þar sem skorað er á stjórnvöld að hefja nú þegar gerð skipulags strandsvæða við Vestfirði. Sú ályktun leiddi síðan af sér gerð Nýtingaráætlunar Arnarfjarðar sem var staðfest af Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppi og Ísafjarðarbæ og þáverandi umhverfisráðherra Sigurði Inga Jóhannssyni í febrúar 2012. Áætlunin hafði sem slík ekki lögformlegt gildi, en var yfirlýsing um framtíðarnýtingu fjarðarins og sýndi fram á hvernig mætti standa fyrir slíku verkefni.



### Brothættar byggðir í Árneshreppi – Áfram Árneshreppur!

Unnið var áfram að verkefninu Áfram Árneshreppur! sem er undir hatti Brothættra byggða í samstarfi við Byggðastofnun.

Í samræmi við ákvörðun íbúafundar 2020 var áfram lögð megináhersla á styrkingu innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði.

Verzlunarfjelag Árneshrepps naut áfram rekstrarstyrks frá Byggðastofnun. Reksturinn hefur gengið vonum framar en verður væntanlega seint sjálfbær. Hins vegar skiptir miklu máli hversu vel Verzlunarfjelagið hefur fest sig í sessi sem miðpunktur og samkomustaður sveitarfélagsins.

Verkefnisstjóri sótti um styrk til endurbóta á Norðurfjarðarhöfn með áherslu á öryggi ferðamanna í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Þaðan fékkst framkvæmdastyrkur upp á 55 mkr. og er það mikið ánægjuefni. Höfnin er afar vinsælt myndefni, ekki síst þegar mikill atgangur er í lönduninni og hefur stundum staðið tæpt. Með þessari vinnu verður skerpt á skilum milli vinnusvæðis og ferðamannasvæðis. Undirbúningi og hönnun verkefnisins er lokið og er reiknað með því að framkvæmdir hefjist vorið 2023.

Vinna við lagningu ljósleiðara fór á fullan skrið á árinu 2022 ásamt lagningu þriggja fasa rafstrengs. Sótt var um styrk til verkefnisins til Fjarskiptasjóðs og hafa fengist þaðan 46,5 mkr. auk 12 mkr frá innviðaráðuneytinu. Þetta verkefni er afar mikilvægt fyrir hreppinn, en rafmagnsmál hafa hamlað uppbyggingu þar um árabil, og fjarskipti hafa verið stopul og háð veðri. Í árslok 2022 var búið að leggja þriggja fasa rafstreng og ljósleiðara yfir Trékyllisheiði, niður í Djúpavík, að Gjögri og í Trékyllisvík og Melavík. Búið er að tengja rafmagn og ljósleiðara inn fyrir vegg á öllum húsum á þessu svæði. Vonir standa til þess að lokið verði við að leggja þriggja fasa streng og ljósleiðara í Norðurfjörð að Krossneslaug og yfir í Munaðarnes sumarið 2023.

Verkefnisstjóri vann áfram að lagningu hitaveitu úr Krossnesi í Norðurfjörð. Borholan við Krossneslaug hefur verið dæluþrófuð og hitaveita frá henni í Norðurfjörð hefur verið hönnuð af verkfræðistofunni Stoð á Sauðárkróki. Eftir er að semja við landeigendur og stofna félag um hitaveituna.

Þrýst hefur verið á um að færa Árneshrepp úr G-reglu Vegagerðarinnar í F-reglu, en við þá breytingu er einangrun Árneshrepps rofin frá áramótum til 20. mars og mokað tvisvar í viku að jafnaði. Samþykkt var að reyna þetta í tilraunaskyni veturinn 2021-2022 og tókst það vel að ákveðið var að halda tilrauninni áfram veturinn 2022-2023. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag verði til frambúðar.

Félagsheimilinu í Trékyllisvík var breytt í kvikmyndahús og þar var alheimsforsýning á kvikmyndinni Svar við bréfi Helgu í lok ágúst, enda var hún tekin í Árneshreppi að stærstum hluta. Fullt var út úr dyrum og hluta aðstandendur dynjandi lófatak í lok sýningar.

### Skýrsla Áfram Árneshrepps vegna ársins 2022<sup>9</sup>.

#### Brothættar byggðir – Öll vötn til Dýrafjarðar

Öll vötn til Dýrafjarðar á Þingeyri er verkefni í samvinnu við Byggðastofnun undir verkefnaheitinu Brothættar byggðir. Verkefnið hófst árið 2018 og átti að ljúka í lok árs 2021 en Ísafjarðarbær sótti um framlengingu verkefnisins til Byggðastofnunar og samþykkti Byggðastofnun að framlengja verkefnið út árið 2022. Verkefninu fylgir fjármagn í formi styrkja sem m.a. er ætlað sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna, hvort heldur sem þau tengjast atvinnuuppbyggingu eða annarskonar samfélagsverkefnum. Árið 2022 var ein úthlutun sem skiptist niður á 20 verkefni.

Þegar á heildina er litið má færa rök fyrir því að margt hafi áunnist, margt breyst og einnig margt gerst, sem ekki hefði gerst ef ekki hefði komið til verkefnisins. En eins og verkefnisstjóri sagði í upphafi verkefnisins þá eru svona verkefni ekki spretthlaup heldur langhlaup og sýnilegur árangur, ef einhver er, kemur jafnvel ekki fram fyrr en löngu eftir að verkefninu lýkur. Svona verkefni byggir fyrst og síðast á áhuga íbúanna og þeirra framlagi til verkefnisins.

<sup>9</sup> <https://www.vestfiridir.is/static/files/AframArneshreppur/arsskyrsla-af-am-arneshreppur-2022.pdf>

Árið 2022 litaðist að mörgu leyti af heimsfaraldri sem hafði áhrif á framgang verkefnisins framan af árinu. Að sama skapi hafði það áhrif á framgang styrktra verkefna sem mörg hver þurftu að óska eftir lengri fresti til að ljúka þeim, ásamt því að fresta þurfti einhverjum viðburðum, sérstaklega fyrri part ársins.

Verkefnisstjóri hefur eins og áður átt í miklu og góðu sambandi við íbúana. Hér er stiklað á stóru um hvað hefur áunnist og má þar m.a. nefna að kynntar hafa verið ýmsar leiðir sem miða að atvinnuuppbyggingu og eflingu samfélagsins. Stuðningur veittur til frumkvöðla til að koma hugmyndum í framkvæmd, nýtt fjármagn komið til svæðisins sem miðar að atvinnuuppbyggingu, eflingu menningar og samfélagsins í heild sinni. Aukin samvinna meðal íbúanna á ýmsum sviðum ásamt því að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur orðið betur áskynja um stöðu svæðisins. Lokið við að deiliskipuleggja lóðir fyrir nýbyggingar og var það sett í ferli á árinu. Er þetta stórt framfaraskref þar sem eitt af stóru málum byggðarlagsins er skortur á íbúðarhúsnæði. Einnig má nefna að á árinu var fyrsta atvinnuhúsnæðið byggt á staðnum í yfir tuttugu ár. Í þessu húsnæði er gert ráð fyrir að fimm aðilar geti haft aðstöðu fyrir hina ýmsu atvinnustarfsemi.

Íbúasamtökin hafa haldið áfram að eflast og kom verkefnisstjóri að því verkefni, með því að sitja alla stjórnarfundum íbúasamtakanna sem áheyrnarfulltrúi og aðstoðað við að miðla síðan áfram til sveitarfélagsins þeim málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.

Hugur er í fólki og mikill vilji fyrir því að efla samfélagið og vinna áfram að fjölbreyttu atvinnulífi.

[Ársskýrsla Allra vatna til Dýrafjarðar 2022<sup>10</sup>.](#)

### **Brothættar byggðir í Strandabyggð – Sterkar Strandir**

Það er rétt rúmlega tvö og hálf ár síðan að verkefnisstjóri Sterkra Stranda hóf störf, og á því tímabili öllu hefur heimsfaraldur sett mark sitt á heimsbyggðina alla og verkefnið hefur ekki farið varhluta af því. Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, en, loks þegar færi gafst til að blása til sóknar og samvinnu, voru aðstæður til samvinnu í sveitarfélaginu erfiðar. Þar af leiðandi hefur verkefnastjóri fremur einbeitt sér að stuðningi við þá frumkvöðla og fyrirtæki sem leitað hafa eftir aðstoð og/eða styrkjum, fremur en verkefnum sem kalla á breiðari samvinnu ólíkra aðila.

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og viðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

[Ársskýrsla Sterkra Stranda 2022<sup>11</sup>.](#)

### **Orkutengd verkefni**

Starfshópur sem ráðherra orkumála skipaði í júní 2021 um orkumál á Vestfjörðum skilaði skýrslu sinni til ráðherra í apríl 2022. Í skýrslunni er skoðað í samhengi flutningsmál raforku, dreifikerfi, orkuvinnslu, orkuskipti og afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Sett eru fram tillögur um áfangaskipt verkefni en kjarni tillögunnar er nauðsyn á byggingu virkjunar innan Vestfjarða með að lágmarki 25 MW samhliða áfangaskiptingu í flutningskerfis. Fulltrúar í starfshópnum voru auk formanns, frá ráðuneytinu, Landneti, Orkubúi Vestfjarða, Orkustofnun og Fjórðungssambandi Vestfirðinga/Vestfjarðastofu.

Efni skýrslunnar var kynnt á málþingi um orkumál á Vestfjörðum 6. apríl 2022 en málþingið var skipulagt af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga, í samstarfi við starfshóp ráðherra og auk aðkomu Bláma. Starfshópur orkumálaráðherra hefur skilað ráðherra skýrslu sinni um orkumál á Vestfjörðum og skýrslan hefur verið birt á vef ráðuneytsins

<sup>10</sup> <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/Ollvotntildyrafjardar/arsskyrsla-oll-votn-til-dyrafjardar-f-ar-2022.pdf>

<sup>11</sup> [https://www.vestfirdir.is/static/files/Sterkar\\_Strandir/arsskyrsla-2022-stst.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sterkar_Strandir/arsskyrsla-2022-stst.pdf)

Í lok árs 2022 skipaði umhverfis-, orku og loftlagsráðherra nýjan starfshóp fylgja eftir efni skýrslu fyrra starfshóps. Skal hópurinn vinna tillögur er snúi að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun, þjóðgarði á Vestfjörðum, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum.

Að hálfu Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu var lögð áhersla á að starfshópurinn hraðaði vinnu sinni og nýtti þau viðtæku gögn sem unnin hafa verið á síðasta ártug að hálfu annarra starfshópa og á vettvangi aðila sem eiga aðild að starfshópnum. En á vegum Fjórðungssambands var það m.a. raforkuspá fyrir Vestfirði<sup>12</sup>, vinna að úttekt á flutningskerfi raforku, greining smávirkjanakosta og umsagnir um Kerfisáætlun.

Vinna starfshópsins hófst að aflokum sumarleyfum og gekk vel, eins þegar nýr ráðherra málaflokksins kom til starfa þá studdi hann strax við vinnu starfshópsins. Í lok árs 2021 er því útlit fyrir að starfshópurinn muni geta skilað á fyrri hluta árs 2022 áfangaskýrslu um aðgerðir í orkumálum á Vestfjörðum.

Alþingi afgreiddi þingsályktun um 3. áfanga rammaáætlunar þann 15. júní 2022 og eru Austurgilsvirkjun og Ófeigsfjarðarvirkjun settar í nýtingarflokk, aðrir virkjanakostir á Vestfjörðum voru settir í biðflokk. Landsnet vann samkvæmt framkvæmdaáætlun við eflingu flutningsnets á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum.

Jarðhitaleit var eflað á árinu, samþykkt var fjármagn til jarðhitaleitar á Gálmaströnd, í Steingrímsfirði, í aðgerð C1 í byggðaáætlun. Verkefnið er í umsjón Orkubús Vestfjarða en síðan varð að fresta verkefninu til ársins 2023 vegna anna hjá verktaka. Í fjárlögum 2023 var samþykkt sérstakt fjármagn til að efla jarðhitaleit á Vestfjörðum og eru verulegar væntingar um að takist að ljúka verkefnum í Skutulsfirði og Patreksfirði og á Gálmaströnd á árinu 2023.

### Blámi

Í lok ársins 2020 var skrifað undir samning um samstarfsverkefnið Bláma sem er samstarfsverkefni Vestfjarðastofu, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar. Verkefnið er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða til þriggja ára.

Þorsteinn Mátsson var ráðinn framkvæmdastjóri Bláma og hóf störf í maí 2021. Blámi tók til starfa af miklum krafti og hefur meðal annars unnið skýrslu um orkuskipti fóðurpramma, fengið styrki til nýrra verkefna og stofnað samstarfshóp sem vinnur að orkuskiptum í sjávartengdri starfsemi

### Erlend samstarfsverkefni

Á árinu 2022 var lögð áhersla á sókn í þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum til dæmis með þátttöku í tengslaráðstefnu Norðurslóðaáætlunarinnar í Kaupmannahöfn vorið 2022. Vestfjarðastofa tók einnig þátt í samstarfsverkefni með sambandi sveitarfélaga í Silesan héraði í Póllandi sem samanstendur af háttí 47 borgum og sveitarfélögum. Verkefnið felst í að fræðast um hvernig iðnnámi er háttað í löndunum og hvað við getum lært hvert af öðru. Vestfjarðastofa fékk Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Menntaskólann á Ísafirði til liðs við sig í þessu verkefni sem er til tveggja ára með nokkrum vinnustofum bæði á Vestfjörðum og í Póllandi ásamt lokaráðstefnu.



Á sviði menningarmála felast verkefni að miklu leyti í ráðgjöf vegna styrkja Uppbyggingarsjóðs bæði fyrir og eftir styrkveitingar. Kynningarfundir voru haldnir í tengslum við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði víðsvegar um Vestfirði auk þess sem menningarfulltrúi og aðrir starfsmenn Vestfjarðastofu veittu ráðgjöf við gerð styrkumsókna. Menningarfulltrúi hefur lagt sig fram við að halda sambandi við styrkþega og fylgjast með stöðu verkefna á menningarsviðinu.

Menningarfulltrúi lauk vinnu við menningarstefnu Ísafjarðarbæjar og var hún samþykkt af bæjarstjórn 7. apríl. Eftir sveitarstjórnarkosningar var unnið að aðgerðaáætlun í menningarmálum.

Undirbúningur var hafinn að barnamenningarhátíð á Vestfjörðum haustið 2023 með aðkomu skóla og menningarstofnana á Vestfjörðum.

Menningar- og viðskiptaráðherra kom í heimsókn til Ísafjarðar í nóvember. Á fundi með ráðherra með Vestfjarðastofu var m.a. rætt um möguleika á að lengja opnunartíma nokkurra safna á Vestfjörðum og stuðla þannig að lengingu ferðamannatímabilsins. Ráðherra vildi leggja til fjármagn til að gera þetta kleift.

### Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Menningarráð 2022	Stjórn Menningarráðs endurskipuð	Starfhæf stjórn Menningarráðs, fundargerðir haldnar og afurðir skýrar						
	Stórfundir menningar	Stórfundir verði haldnir tvisvar á árinu. Fundir auglýstir, afurðum miðlað						
Klasi skapandi greina	Kortlagning og greining á umfangi skapandi greina á Vestfjörðum	Skýrsla um umfang skapandi greina á Vestfjörðum						Hafið samtal við rannsóknarsetur skapandi greina við Háskólann á Bifröst.
	Samráð við aðila í skapandi greinum og kanna áhuga á stofnun klasa	Ákvörðun um stofnun slíks klasa liggja fyrir í árslok						Frestast til 2022
Barna-menningarhátíð á Vestfjörðum	Samtal og samstarf við skóla og félagsmiðstöðvar á Vestfjörðum auk ungmennaráða um möguleika á samstarfi um barnamenningarhátíð	Ákvörðun um sameiginleg verkefni						Hafið samtal um eflingu barnamenningar. Sótt um styrk í Barnamenningarsjóð en fékkst ekki.
	Undirbúningshópur fyrir barnamenningarhátíð stofnaður	Barnamenningarhátíð haldin með þátttöku sem flestra sveitarfélaga á Vestfjörðum verði sett á dagskrá 2023						Undirbúningur að stofnun hóps hafinn.

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
<b>Menningar- mannlífs og bæjarhátíðir á Vestfjörðum</b>	Kortlagning hátíða á Vestfjörðum og tengiliða þeirra. Samtal við tengiliði hátíða	Yfirlit til yfir hátíðir og tengiliði. Fundur með tengiliðum hátíða. Frétt á vef						
<b>Efling menningarhúsa</b>	Unnið að þríliða samningi Edinborgarhússins við ríki og bæ	Þríliða samningur eða drög að slíkum samningi liggi fyrir á árinu.						Ísafjarðarbær hefur sett þetta í menningarstefnu sína, samtal hafið við bæjarstjórn og ráðuneytið.
<b>Þjóðleikur á Vestfjörðum</b>	Samtal við skóla á Vestfjörðum	Þjóðleikur haldinn vorið 2022. Þátttökufélög verð amk þrjú á Vestfjörðum						Þjóðleik frestað til 2024. Óvist um framhaldið. Ákvörðun Þjóðleikhússins
<b>Fundir með sveitarfélögum</b>	9 fundir með sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Tengist vinnu með nýjum sveitarstjórnnum og tengslum ferðaþjónustu og menningar.	Greinargerð um stöðu menningarmála í hverju sveitarfélagi						
<b>Samstarf menningarfulltrúa</b>	Þátttaka í fundum menningarfulltrúa landshlutanna	Mætt á fundi, stutt greinargerð eða frétt á vef um fundinn						Allgott samstarf og nokkuð reglulegir fjárfundir. Gott samstarf m.a. um þróun umsóknargáttar Uppbyggingarsjóðs.
<b>Samstarf safna á Vestfjörðum</b>	Úrvinnsla skýrslu um safnamál á Vestfjörðum með MRN og öðrum landshlutum	Drög að framtíðarverklagi varðandi opinbera fjármögnun safnageirans						Safnaskýrsla kynnt fyrir ráðherra
	Unnið að virku samstarfi safnafólks á Vestfjörðum	Hittingur safnafólks í einum þriðjungi Vestfirðingafjórðungs						Í skýrslunni eru reifaðir samstarfsmöguleikar milli safna, sýninga og setra á Vestfjörðum
<b>Menningarstefna Ísafjarðarbæjar</b>	Mótun menningarstefnu Ísafjarðarbæjar í samráði við atvinnu- og menningarmálanefnd	Menningarstefna birt fyrir 1. maí 2022						Unnin Menningarstefna Ísafjarðarbæjar með samráði við íbúa og fulltrúa helstu menningarstofnana. Stefnumótun lokið fyrir kosningar vorið '22. Aðgerðaáætlun unnin og lokið fyrir gerð fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar. Aðgerðaáætlun á eftir að fara í lokahönnun og kynningu.

Ferðabókaútgefandinn Lonely Planet tilkynnti haustið 2022 að Vestfirðir væru besta landsvæði í heiminum til að heimsækja á árinu 2022. Þetta er mikil viðurkenning fyrir Vestfirði og starfsfólk Vestfjarðastofu fann í störfum sínum á árinu mjög aukinn áhuga á Vestfjörðum bæði sem áfangastað fyrir ferðamenn og ekki síður fyrir áhuga fjárfesta til uppbyggingar gististaða og afþreyingar.

Markaðsstofa Vestfjarða vann í samstarfi við Lonely Planet herferð til að fylgja eftir útnefningunni. Auglýsingaherferðin samanstóð af tveimur myndböndum og þremur greinum sem unnar voru með áhrifavaldi og ferðaþjónum á svæðinu. Herferðin náði til tæplega milljón einstaklinga í Bandaríkjunum og Bretlandi.

### Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	Uppfæra aðgerðaráætlanir. Ný áætlun var unnin 2021 aðgerðaáætlanir uppfærðar 22	Uppfærðar áætlanir sendar á Framkvæmdasjóð ferðamannastaða						
Blaðamannaferðir	Blaðamanna og áhrifavaldaferðir	A.m.k. tvær hóp blaðamannaferðir						
Heimsóknir til fyrirtækja	Ferðaþjónustufyrirtæki heimsótt	Farin a.m.k. ein hringferð og að lágmarki 30 ferðaþjónustuaðilar heimsóttir 2022						
Vestfjarðaleiðin	Vinnustofa með aðilum	Haldin vinnustofa með aðilum Vestfjarðaleiðarinnar						
	Kynning (PR+Sýningar)	Fréttir á miðlum, þáttaka í sýningum						
	Verkfærakistan kynnt	Verkfærakistan þýdd og kynnt						
Sýningar	Farið á sýningar og vinnustofur	Farið á a.m.k. 2 sýningar og 2 vinnustofur						
Mannamót	Mannamót haldið í janúar (til vara í mars)	Mannaót haldið með a.m.k. 15 ferðaþjónustufyrirtækjum af svæðinu						
Vestfjarðakort	Nýtt Vestfjarðakort gefið út	Vestfjarðakort gefið út og dreift						
Samfélagsmiðlar og blogg	Viðhalda fylgjendafjölda með reglulegum færslum	Fjöldi fylgjenda						
Haustráðstefna MAS	Haldin haustráðstefna í samstarfi við MAS með áherslu á viðeigandi efni.	Góð þáttaka næst á ráðstefnuna.						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Heimasíða og fréttabréf	Unnið að frekari þróun á heimasíðu	Að réttar upplýsingar séu á vef						
	Sent út fréttabréf amk 4 sinnum á ári	Sent út fréttabréf amk 4 sinnum á ári						
Markaðssetning fyrir innanlandsmarkað	Til umræðu miðað við ástand	Ákvörðun um markaðssetningu fyrir innanlandsmarkað						Ákvörðun tekin um aðgerðir
Samstarf við menningaraðila	Sett upp verkefni til að tengja betur saman aðila í menningu og skapandi greinum og ferðaþjónustu	Samstarfshópur settur upp, 2 fundir, fréttir af verkefni á vef						
Samstarf stoðkerfis og atvinnulífs	Faghópur ferðaþjónustu fundar reglulega	Regulegir fundir						
	Ársfundur aðila MV haldinn	Uppskeruhátið verði að veruleika						
	Ferðaþjónustudagur haldinn	Uppskeruhátið verði að veruleika						
	Morgunfundir ferðaþjóna haldnir á öllum svæðum	Haldnir að lágmarki 2 fundir á hverju svæði						
	Settur upp ný "innri vefur" til upplýsinga fyrir aðila Markaðsstofur Vestfjarða.	Innri vefur MV opnaður						
	Sett upp Travel Trade síða	Travel Trade síða opnuð						

### Blaðamannaferðir til Vestfjarða

Áhugi á Vestfjörðum er mikill og tók Markaðsstofa Vestfjarða á móti fulltrúum fjölmargra miðla á árinu 2022 í tengslum við bæði viðburði og Vestfjarðaleiðina. Frá vori til hausts kom Markaðsstofa Vestfjarða að skipulagningu umfjallana hjá 25 miðlum, verið í beinu samstarfi við að minnsta kosti 18 blaðamannateymi sem heimsóttu svæðið á árinu.

Blaðamennirnir, sem starfa hjá ýmsum erlendum miðlum (sjónvarpi, prent-, vef-, og samfélagsmiðlum), komu frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Írlandi og Frakklandi. Helstu áherslur ársins var að kynna Vestfirði í tengslum við Lonely Planet viðurkenninguna og Vestfjarðaleiðina auk sérverkefna eins og viðburða, sjónvarpsþátta og auglýsingaherferða.

Meðal þeirra sem tekið var á móti voru fulltrúar franska ferðaþáttarins Echappées Belles sem heimsótti Vestfirði í maí og var við tókur á Ísafirði og Ströndum fyrstu viku maí mánaðar. Fyrstu helgina í maí var mikil stemning á Þingeyri þegar Detour Discoteque var haldið í fyrsta sinn. Um er að ræða svokallaðan „pop up“ næturklúbb eða farandviðburð sem mun skjóta upp kollinum víða um heim.

### Mannamót í mars

Ferðakaupstefnan Mannamót Markaðsstofa landshlutanna var haldin að nýju í mars 2022 eftir tveggja ára hlé vegna Covid. Viðburðurinn er sá fjölmennasti í íslenski ferðaþjónustu og hefur skipað sér sess sem einn sá allra mikilvægasti í íslenski ferðaþjónustu. Markmið og tilgangur viðburðarins er að skapa vettvang þar sem landsbyggðarfyrirtæki fá tækifæri til að kynna sína þjónustu og vöruframboð fyrir ferðaþjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu.

Vestfirðingar létu sig ekki vanta og mætti 14 fyrirtæki frá Vestfjörðum til Mannamóta árið 2022. Gekk kaupstefnan vel og voru allir ánægðir að hittast loksins aftur.



### **Vestnorden ferðakaupstefnan**

Í lok september tók Markaðsstofa Vestfjarða þátt í ferðasýningunni VestNorden en hún var að þessu sinni haldin í Nuuk á Grænandi. Ásamt Markaðsstofunni fóru ferðaskrifstofan Fantastic Fjords og sveitahótelid Holt Inn. Greina mátti mikinn áhuga á Vestfjörðum og ljóst að þekking á landssvæðinu hefur aukist undanfarin ár.

### **Vinnustofuferð til Kanada og Bandaríkjanna**

Vestfjarðastofa fór undir merkjum Visit Westfjords í vinnustofuferð til Kanada og Bandaríkjanna. Farið var til Toronto, Chicago, Washington DC og Boston. Hitti fulltrúi Visit Westfjords hátt í 200 ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur og mikill áhugi var á Vestfjörðum. Ljóst er að Lonely Planet, Best in Travel viðurkenning Vestfjarða vekur mikla athygli sem og ferðamannaleiðin Vestfjarðaleiðin.

### **Vestfjarðaleiðin – ferðamannaleið**

Á árinu 2022 var unnið að því að auka vitund um vörumerkið Vestfjarðaleiðina og Vestfirði í samstarfi við blaðamenn, áhrifavalda, Íslandsstofu, einkafyrirtæki og ferðapjóna með áherslur á menningu, náttúruperlur, afþreyingu, hjólréiðar, mat ofl.

Þróun Vestfjarðaleiðarinnar hélt áfram á árinu 2022. Liður í þeirri vinnu var að Markaðsstofa Vestfjarða boðaði ferðapjóna frá Vestfjörðum og Dölum til vinnustofu á Bíldudal í apríl. Ráðgjafar frá Blue Sail ráðgjafafyrirtækinu fóru yfir vinnuna á bak við Vestfjarðaleiðina, sáttmála hennar og verkfærakistu. Sveinn Waage fór yfir þjónustu við viðskiptavinum og mikilvægi húmors í markaðssetningu. Markmið slíkra vinnustofa er að aðilar Vestfjarðaleiðarinnar vinni sameiginlega að því að þróa og gera Vestfjarðaleiðina að einstakri ferðamannaleið, lengja ferðatímabilið og byggja á gæðum og öryggi.



